



Íslensku bókmenntaverðlaunin og Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropinn voru veitt í gær af Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands. Verðlaunahafar eru Pedro Gunnlaugur Garcia, fyrir skáldsöguna Lungu í flokki skáldverka, Arndís Þórarinsdóttir fyrir Kollhnís í flokki barna- og ungmennabóka og Ragnar Stefánsson í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir Hvenær kemur sú stóri? Skúli Sigurðsson fékk Blóðdropann fyrir Stóra bróður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Uppbygging sögð í gíslingu fjárfesta

MARKAÐURINN Skjálfti er á verk-takamarkaði vegna þess hve treg-lega gengur að hefja framkvæmdir á stórum byggingarreitum á höfuð-borgarsvæðinu.

„Þetta dregur í raun fram ákveðna stöðu sem við höfum haft áhyggjur af um nokkurt skeið hvað varðar framboð á húsnæði og slagkraft í framkvæmdum á höfuðborgar-svæðinu,“ segir Sigurður Hannes-son, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Helsta ástæðan fyrir tregðunni er talin sú að umsvifamikil fjárfest-ingafélög, sem hafa heilu hverfin til umráða, haldi að sér höndum vegna ólgu í efnahagslífinu. **SJÁ SIÐU 10**



Sigurður Hannesson, framkvæmda-stjóri Samtaka iðnaðarins

Umboðsmaður Alþingis athugi hæfi biskupsins

Mál séra Gunnars Sigurjóns-sonar, fyrrverandi sóknar-prests, er til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis. Málið varðar meint vanhæfi biskups Íslands í máli hans.

helenaros@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Auður Björg Jóns-dóttir, lögmaður Gunnars Sigur-jónssonar fyrrverandi prests í Digranesi, segist hafa kvartað til umboðsmanns Alþingis yfir hæfi Agnesar M. Sigurðardóttur biskups.

„Hún sé vanhæf vegna þess hvern-ig hún hefur komið fram í málinu og hvað hún hefur sagt í fjölmiðlum,“ segir Auður. Málið hafi ekki farið í rétt ferli í upphafi af hálfu biskups. Einnig sé kvartað yfir vinnu óháða teymis þjóðkirkjunnar í málinu.

„Sönnunarmatið í vinnu teymis-



Hann er í algerri óvissu.



Auður Björg Jónsdóttir, lög-maður Gunnars

ins var kolrangt og á skjön við reglur einkamála- og sakamálaréttarfars og er málsmeðferðin þar að mörgu leyti brot gegn stjórnsýslulögum.“

Gunnar var sóknarprestur við Digranes- og Hjallaprestakall en var sendur í leyfi vegna ásakana sex kvenna um kynferðislega áreitni,

kynbundið ofbeldi og einelti innan kirkjunnar í desember 2021 á meðan óháða teymi þjóðkirkjunnar var með mál hans til skoðunar. Leyf-ið var framlengt í að minnsta kosti þriggja og rann síðast út 1. septem-ber síðastliðinn.

Biskupsstofa greindi frá því síðar í sama mánuði að teymið teldi Gunn-ar hafa gerst brotlegan við reglur kirkjunnar tíu sinnum og myndu ekki snúa aftur. Áformað væri að gefa honum skriflega áminningu. Síðan þá hefur þó lítið gerst í máli Gunnars, sem er æviskipaður og enn á launum.

„Hann er í algjörrri óvissu,“ segir Auður. „Honum verður ekkert sagt upp nema í samræmi við lög og regl-ur. Ákvörðun um það hefur aldrei verið birt honum, hann fékk að vita það í fjölmiðlum að hann væri ekki lengur sóknarprestur.“ **SJÁ SIÐU 4**



Ellen B.

Mayenburgpríleikurinn I

★★★★

P.T. Mbl.

„heimsviðburður“

SJ. Fbl.



Orri Páll Jóhannsson er fyrsti flutningsmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skilgreini vindinn sem þjóðareign

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Fimm þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram þingsályktunartillögu um gjalddöku vegna nýtingar á vindi. Fyrsti flutningsmaður er Orri Páll Jóhannsson en meðflutningsmenn eru Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir þingflokksformaður, Jódís Skúladóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Steinunn Þóra Arnadóttir.

5

Þingmenn Vinstri grænna vilja gjalddöku á vindorkuver.

Samkvæmt tillögunni er Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, falið að leggja fram frumvarp sem tryggi hlut þjóðarinnar í arðinum af nýtingu vindorku til raforkuframleiðslu með innheimtu auðlindagjalds. „Vindur verði skilgreindur í lögum sem sameiginleg auðlind í eigu þjóðarinnar,” segir í ályktuninni. ■

Umhleypingar á Austurvelli



Frostið linaði í gær tók sin lítilla og sveill um borg og bý stungu upp hálum kolli sínum. Á Austurvelli speglaðist kona með barnavagn og jólaskeyting að auki í polli. Miðað við veðurspár eru nokkrir frostlausir dagar fram undan á suðvesturhorninu en á sunnudagskvöld fer hiti undir núll stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fundvís lesandi fékk gjafabréf frá Play

ragnarjon@frettabladid.is

LEIKIR „Þetta er ótrúlega óvænt og skemmtilegt,” segir Laufey Árnadóttir sem sigraði í myndaleik Fréttablaðsins og Play í gær og fékk að launum hundrað þúsund króna gjafabréf frá flugfélaginu. Heppnin var svo sannarlega með Laufeyju en þátttakendur voru hátt í átta þúsund. Hún hefur ekki ákveðið hvert ferðinni er heitið. „Nú á ég eftir að ákveða það,” segir Laufey sem ætlar að leggjast í rannsóknarvinnu til að finna besta áfangastaðinn. Aðspurð segist Laufey aldrei áður hafa unnið í leik af þessu tagi og hafi þetta því komið henni skemmtilega á óvart. Play-flugvélin er falin á síðum Fréttablaðsins á hverjum degi og



Laufey Árnadóttir tók við gjafabréfinu á skrifstofu Fréttablaðsins í gær.

ættu lesendur því að hafa augun vel opin við lesturinn. Næsti útdráttur verður þann 30. janúar. Fleiri leikir af þessu tagi með flugfélaginu Play verða kynntir á síðum Fréttablaðsins á næstu dögum. ■

Fékk að heyra hvernig lögin urðu til hjá tónlistarfólkinu

Bjarni Lárus Hall skilaði meistararitgerð sinni í hlaðvarpsformi. Hann talaði við tónlistarfólk um lög og þróun þeirra frá demói til lokatóna. Aldrei er að vita nema hlaðvarpið verði að þáttum.

benediktboas@frettabladid.is

MENNING „Ég elska að fræðast meira um lög sem ég fíla. Hlusta á demó og fá upplýsingar um hvernig lagið varð til,” segir Bjarni Lárus Hall sem skilaði meistararitgerð í fimm hlaðvarpsþáttum um söguna á bak við lagið, sem hann kallaði Nú er lag. Bjarni var að klára nám í hagnýtri menningarmiðlun og er útskriftin 17. febrúar. Hann tók viðtöl við fimm tónlistarmenn sem fræddu hann um hvernig lög verða til, hvernig þau þróast og fékk að hlusta á gömul demó. Verkefnið var tvískipt. Annars vegar fimm hlaðvarpsþættir með einn viðmælenda í hverjum þætti og svo greinargerð þar sem verkefnið var tekið saman. Hann ræddi við þau Krumma, Frank Hall, Hildi, Lay Low og Hauk Heiðar úr Diktu fyrir ritgerðina. „Þau segja mér almennt frá hvernig þau búa til lög svo að maður fái betri innsýn í þeirra heim. Svo fékk ég þau til að spila demó af einhverju þekktu lagi. Ég leyfði viðmælendum að ráða miklu því þau auðvitað þekkja sín lög, vita hvað er á bak við þau og hvaða demó eru skemmtilegri en önnur,” segir Bjarni. Haukur Heiðar úr Diktu og Hildur fengu að koma með tvö lög á meðan hinir mættu með eitt. Í þættinum með Hauki ómar sagan á bak við lagið stórkostlega Thank you.



Bjarni Lárus Hall eða Baddi í hljómsveitinni Jeff Who? MYND/ADSENDE



Viðmælendur Bjarna voru ekki af verri endanum en þeir segja sögur sínar á bak við lög sín og hvernig þau verða til. MYND/SAMSETT

„Hann var með tvö mismunandi demó af hvernig lögin hjá Diktu urðu til og annað er Thank you. Dikta var þá að taka upp eitthvað allt annað og byrja bara að glamra í stúdíóinu. Einhver byrjar á gítar og Haukur byrjar að syngja yfir, alveg rammfalskt, en maður heyrir lagið vera að fæðast,” segir hann. Frumskógur hlaðvarpa er mikill en þar sem fjallað er um ákveðið efni er það yfirleitt líklegra til vinsælda. Bjarni hefur íhugað næstu skref, hvort hann gefi hlaðvarpið út eða haldi jafnvel áfram. „Þetta var verkefni í einum kúrs og María Ásdís Stefánsdóttir Berndsen, leiðbeinandi minn, sagði mér að hafa þetta sem lokaverkefni sem ég og gerði. Þetta var alveg ótrúlega skemmtilegt verkefni, en hvað verður næst, ég veit það ekki alveg. Ég hef svo sem lítið velt því fyrir mér. Þetta gæti samt orðið eitthvað því viðmælendurnir voru svo skemmtilegir og opnir,” segir Bjarni. ■

GÆÐI OG HOLLUSTA FYRIR ÞIG

H-BERG

FKA

VIÐURKENNINGARHÁTÍÐ 2023

á Hótel Reykjavík Grand

HVERJAR KLÖPPUM VIÐ UPP?

FKA viðurkenningarhátíðin fer fram fimmtudaginn 26. janúar 2023 á Hótel Reykjavík Grand kl. 17.00.

Veittar eru viðurkenningar til þriggja kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd.

Á hátíðinni eru eftirfarandi viðurkenningar veittar:

- FKA þakkarviðurkenningin 2023.
- FKA viðurkenningin 2023.
- FKA hvatningarviðurkenningin 2023.

Viðurkenningarhátíðinni verður einnig streymt á www.frettabladid.is

Dóttir Bjarkar með fyrsta lagið

kristinnhaukur@frettabaldir.is

MENNING Ísadóra Bjarkardóttir Barney, hin tvítuga dóttir tónlistarkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur, gaf nýlega út sitt fyrsta lag. Lagið heitir Bergmál og er á safnplötunni Drullumall 4. Breska tónlistartímaritið NME greinir frá þessu.



Ísadóra Bjarkardóttir Barney, tónlistarkona

Ísadóra hefur áður komið að lagasmíðum, það er ásamt móður sinni í laginu Her Mother's House, sem er loklag Bjarkarplötunnar Fossora sem kom út í haust. Hún lék einnig lítið hlutverk í kvikmyndinni The Northman, sem Björk lék einnig í. ■

Dregur umboð biskupsins í efa

helenaros@frettabaldir.is

STJÓRNSÝSLA Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjúpings, staðfestir að kvörtun hafi borist frá Auði Björgu Jónsdóttur, lögmanni séra Gunnars Sigurjónssonar, þar sem lagalegt umboð Agnesar M. Sigurðardóttur sem biskups Íslands er dregið í efa og að kvörtunin verði skoðuð.



Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjúpings

Morgunblaðið sagði frá því í gær að í erindi Auðar til Drífu kæmi fram að Agnes hefði verið skipuð í embætti biskups af forseta Íslands til fimra ára 2012. Í lok þess skipunarátíma hefði tíminn framlengst sjálfkrafa í önnur fimm ár, til loka júní 2022. Frá þeim tíma hefði hún ekki verið endurkjörin og skorti því lagalegt umboð til að gegna embættinu.

Drífa hyggst boða forsætisnefnd til fundar í dag eða á morgun vegna málsins og segir að lögmaður verði fenginn til að skoða málið.

Pétur G. Markan biskupsritari vildi ekki tjá sig um málið í gær. ■

Hræðilegar aðstæður um borð í flugvélunum

bth@frettabaldir.is

FLUGMÁL Berglind Kristófersdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, segir að flugfreyjur og flugþjónar hafi unnið þrekvirkni er fávörðri gerði áhöfn og farþegum um borð í vélum Ícelandair lífið leitt á sunnudag.

Dæmi eru um að áhafnir og farþegar hafi verið innilokuð í flugvél í 17 klukkustundir frá brottför í

Ameríku uns yfir lauk. Of hvasst var til að ferja farþegana frá borði.

Berglind segir ákvæði í samningum sem tryggi að flugfreyjur fái greitt fyrir hina löngu vakt. Lögbundinn hvíldartími verði virtur.

„Þetta voru hræðilegar aðstæður, mjög erfiðar fyrir alla,“ segir Berglind. „Það eru margir farþegar með alls konar vandamál, en flugfreyjur og flugþjónar eru frábær hópur sem hefur verið þjáfaður sérstaklega



Berglind Kristófersdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands

til að takast á við svona ástand. Ég hef ekki heyrt annað en að allt hafi gengið vel.“

Berglind segist ekki hafa forsendur til að meta hvort vistir um borð í vélunum þrotu eða ekki. Um það ber yfirstjórn Ícelandair og farþegum ekki saman. Berglind segir þessar upppákomur fátíðar.

„Svona ástand hefur komið upp, en ég hef ekki heyrt af neinu viðlíka í langan tíma.“ ■

Sýslumannsfrumvarp Jóns í uppnámi

Framsóknarmenn telja óráð að leggja niður sýslumannsembætti víða um land. Mótstaða við frumvarp Jóns Gunnarssonar kemur að líkindum í veg fyrir að frumvarpið geti orðið að lögum.

bth@frettabaldir.is

STJÓRNSÝSLA Frumvarp Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra um fækkun sýslumanna sætir viðamikilli gagnrýni. Ólíklegt er að Framsóknarflokkurinn muni styðja frumvarpið. Ný þingmálaskrá var lögð fram í gær. Sameining sýslumannsembætta er ekki lengur á dagskrá.

Fréttablaðið sagði fyrst fjölmiðla frá því í fyrrasumar að Jón Gunnarsson hygðist gera grundvallarbreytingu á skipulagi sýslumannsembætta víða um land og fækka embættum úr níu í eitt.

Nokkru síðar lagði dómsmálaráðherra frumvarp fram um málið. Framgangur þess hefur verið hægur sem kann að skýrast af andstöðu stjórnarþingmanna í samstarfsflokki Sjálfstæðismanna.

Ingibjörg Isaksen, þingmaður og oddviti Framsóknarmanna í Norð-austurkjördæmi, segir að sumt sé gott í frumvarpinu svo sem efling starfsstöðva á landinu með flutningi verkefna og bættri þjónustu.

„Við í Framsókn teljum þó ekki rétt að ná þeim markmiðum með því að leggja niður sýslumannsembættin og veikja þar með stjórnsýslu í heimahéraði. Þingflokkurinn telur þörf á að efla og styrkja embættin víðs vegar um landið en það þurfi að gera innan þess fyrirkomulags sem er í dag,“ segir Ingibjörg.

„Hér er einfaldlega um að ræða mál sem þarfnast frekari umræðu og yfirlegu,“ segir Ingibjörg. Hún segir að frumvarpið sé enn til umræðu innan þingflokksins.

Ljóst er að andstaðan við breytingarnar er veigamikil. Byggðað-



Dómsmálaráðherra leggur til að embætti sýslumanna um landið verði sameinuð í eitt embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Við í Framsókn teljum þó ekki rétt að ná þeim markmiðum með því að leggja niður sýslumannsembættin og veikja þar með stjórnsýslu í heimahéraði.



Ingibjörg Isaksen, þingmaður Framsóknarflokksins



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

stofnun segir í umsögn sinni um frumvarpið að um stóra kerfisbreytingu sé að ræða með gagngerri endurskoðun skipulags, „sem framselur vald úr héraðsbundnum stjórnsýslueiningum sýslumanna inn í miðstýrða einingu“. Ekki verði séð með augljósum hætti að nauðsyn sé á þessum miklu stjórnsýslubreytingum til að ná kynntum markmiðum um bætta þjónustu og fjölgun verkefna í landsbyggðunum.

Þá telur Byggðastofnun ástæðu til að minna á að „bæði í þjónustulegu og byggðalegu tilliti gætir tortryggni gagnvart samþjöppun starfseininga“. Þegar sýslumönnum hafi verið

fækkað úr 24 í níu hafi fyrirheit ekki gengið eftir.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands gagnrýnir einnig frumvarpið harðlega, enda sé það ekki unnið á faglegum forsendum.

„Bent er á að verði frumvarpið að lögum felur það í sér umtalsvert framsal á valdi frá löggjafanum til ráðherra. Aukinheldur verður ekki annað séð en að um mikilvægt byggðamál sé að ræða og að frumvarpið hafi mikil áhrif á réttindi og kjör starfsmanna sýslumanna, starfsemi embættanna og þjónustu.“

Þá liggja nákvæm fjárhagsáætlun eða langtímaáætlun ekki fyrir og fullkomin óvissa sé uppi um rekstrargrundvöll og störf um land allt.

Í umsögn Vestmannaeyjabæjar segir: „Bæjarstjórn Vestmannaeyja mótmælir þessum áformum harðlega.“

Einnig segir að Vestmannaeyjabær muni „gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að reka ráðherrann til baka með áform sín“. ■

Sara og Ethan ætla saman á Óskarinn

ragnarjon@frettabaldir.is

MENNING „Ég ætla með manninum mínum, Ethan Clarke, sem vann að myndinni með mér,“ segir Sara Gunnarsdóttir, um það hvern hún tekur með sér á Óskarsverðlaunahátíðina. Mynd Söru, My Year of Dicks, er tilnefnd til verðlauna í flokki stuttra teiknimynda.

Mynd Söru byggir á bók Pamelu Ribon, Notes to Boys: And Other Things I Shouldn't Share in Public og segir frá persónunni Pam og tilraunum til að missa meydóminn og leitinni að hinum sanna elskhuga.

Sara hefur starfað við gerð teiknimynda í Bandaríkjunum og hefur komið að gerð tónlistarmyndbanda og annarri kvikmyndagerð. Hún kom að gerð heimildarþáttanna The Case Against Adnan Syed sem hlutu Emmy-tilnefningu.



Skjaskot úr teiknimynd Söru. MYND/ADSEND



Sara Gunnarsdóttir, leikstjóri

Sara er annar Íslendingurinn sem tilnefndur er til Óskarsverðlauna sem leikstjóri í flokki stuttra teiknimynda en Gísli Darri Halldórsson var tilnefndur 2021. Sara á því möguleika á að verða annar Íslendingurinn sem vinnur til verðlaunanna en Hildur Guðnadóttir vann 2019 fyrir tónlist í Joker. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM


HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



HAMINGJU ÓSKIR

Forlagið óskar Arndísi Þórarinsdóttur til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin



„Kollhnís segir frá því hvernig ungur drengur upplifir umhverfi sitt og fjölskyldu-aðstæður sem hann ræður illa við eftir að litli bróðir hans greinist með einhverfu. Sagan er skrifuð af miklu stílóryggi og tekur á erfiðum málum með hæfilegri glettum sem gerir það bæði bærilegt og skemmtilegt að fylgjast með því hvernig sýn fullorðinna afhjúpar þá mynd sem drengurinn gerir sér af þeim sem hann dáist að og tengist vináttu- og tilfinningaböndum – í krafti einlægni sinnar. Samtöl eru sannfærandi og styðja vel við hvernig snúið er upp á ranghugmyndir um fullkomnun og velgengni annarra – sem kallast á við þá viðleitni að feta hina beinu lífsins braut að skilgreindum markmiðum með sviðsettri sjálfsmynd á samfélagsmiðlum.“

UMSÖGN DÓMNEFNDAR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Segir að engir starfsmenn Íslandshótela vilji fara í verkfall

thorgrimur@frettabladid.is

KJARAMÁL Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, segist ekki eiga von á því að fyrirhugað verkfall meðlima Eflingar sem vinna hjá hótélunum, verði samþykkt í atkvæðagreiðslu sem stendur nú yfir.

„Við erum búin að funda með fólkinu okkar og það er búið að fara yfir báðar hliðar málsins, hluti sem ekki var búið að fara yfir á fundinum með Eflingu,“ segir Davíð.

„En það er alveg ljóst að ef Eflingarfólki hefði verið leyft að kjósa um samning Starfsgreinasambandsins,

sem auðvitað hefði verið réttast, þá hefði fólkið mitt klárlega verið kosið með þeim samningi,“ heldur Davíð áfram.

„Það vill enginn fara í verkfall og fólkið okkar langar ekki í verkfall,“ bætir Davíð við. „En þegar málflutningurinn er þannig að spurt er hvort maður vill fá 50.000 kr. launahækkun eða 70.000 kr. launahækkun, þá er þetta auðvitað einfalt svar.“

Að því er Davíð segir hefur Efling í haldið eftir nauðsynlegum upplýsingum til þess að starfsfólk Íslandshótela gæti tekið upplýsta ákvörðun um verkfall. Hann nefnir meðal annars það að afturvirkni kjara-

”

Það vill enginn fara í verkfall og fólkið okkar langar ekki í verkfall.



Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela,

”

Við leggjum áherslu á að miðla réttum upplýsingum til félagsfólks.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

samnings SGS myndi falla niður ef verkfall verði samþykkt.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, þvertekur fyrir að félagið hafi haldið eftir nokkrum upplýsingum.

„Við leggjum áherslu á að miðla réttum upplýsingum til félagsfólks, sérstaklega þegar um eins alvarleg mál og erfiðar kjaradeilur er að ræða.“

Atkvæðagreiðslu félagsmanna Eflingar um verkfallið á að ljúka klukkan átta á mánudagskvöld og er þá gert ráð fyrir að niðurstaðan verði fljótt ljós enda er um að ræða rafræna kosningu. ■



Norsk F-16 orrustuþota hefur sig til flugs.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Norski herinn gæti loftrýmis landsins

ser@frettabladid.is

VARNARMÁL Landsmenn ættu að verða varir við hvininn úr norskum orrustuflugvélum á næstu dögum, en flugsveit norska hersins er komin til landsins og mun annast loftrým- isgæslu Atlantshafsbandalagsins í íslenskri lögsögu á næstu dögum.

Norsku hermennirnir eru vel vopnum búnir, en fjórar F-35 orr-

ustuþotur þeirra sem koma til landsins að þessu sinni eru taldar vera þær fullkomnustu sem nú fara um loftin, jafnt vélarnar sjálfar sem og vopnabúnaður þeirra.

Þetta er í sjöunda sinn sem Norðmenn leggja Atlantshafsbandalaginu lið í þessum efnun. Áttatíu liðsmenn eru með í för og munu þeir sinna aðflugsæfingum víða um land á næstu dögum. ■



Meðalbiðtími skólabarna eftir þjónustu sálfræðinga og fleiri fagaðila, svo sem talmeinafræðinga var um 140 dagar 2018 en 212 dagar 2022.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Aurskriðurnar hrifu með sér hús og ollu miklum skaða.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Garðar rísi norðan og sunnan Seyðisfjarðar

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Búið er að kynna frumhönnun að nýjum varnargörðum sunnan við Seyðisfjörð. Þar féllu miklar aurskriður á hús í desembermánuði árið 2020. Einnig er stefnt að frekari uppbyggingu varnargarða norðan við bæinn.

Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri Múlapings, segist búa við nýrri skýrslu á næstu dögum eða vikum. Þá taki umhverfismat við og verkhönnun. Garðarnir sjálfir gætu svo risið eftir um það bil fjögur ár en þeir eru hugsaðir bæði sem vörn gegn snjóflóðum og aurskriðum.

Í fjallinu Bjölfí hefur Múlaþing ákveðið að bæta við framkvæmdir sem þegar eru hafnar, það er fyrir ofan atvinnusvæðið. Var það gert eftir athugasemdir fyrirtækjaeigna- enda á svæðinu vegna aukinnar hættu sem sást í frumhönnuninni. En eitt mannskæðasta snjóflóð Íslandssögunnar féll úr fjallinu árið 1882 þegar 24 manns fórust.

”

Við þurfum að kanna fornleifar á þessum stað.

Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri Múlapings

„Þetta er allt unnið í samstarfi við Ofanflóðasjóð,“ segir Hugrún og segist bjartsýn á að þessi viðbót fái stórt samþykkt. Segist hún vonast eftir að þetta gerist fljótt og geti risið strax í sumar. Ólíkt gördunum sunnan megin eru þessir garðar aðeins hannaðir fyrir snjóflóð.

Eitt sem þarf þó að huga að á þessu svæði, norðan við bæinn, séu fornminjar sem kynnu að finnast í jörðu. „Við þurfum að kanna fornleifar á þessum stað,“ segir Hugrún. ■

Fjöldi barna á biðlistum fimmfaldast á fimm árum

Borgarfulltrúi Flokks fólksins segir stjórnendur Reykjavíkurborgar ekki geta réttlætt sífellt lengri biðlista eftir skólapijónustu fyrir börn með því að vísa til fólksfjölgunar og faraldurs. Taka verði á vandanum af metnaði.

ser@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Um 2.050 börn eru nú á biðlistum eftir fagþjónustu í grunnskólum Reykjavíkur, sem er stórfjölgun á fáum árum.

Árið 2018 voru um 400 börn á þessum biðlistum. Það merkir að meira en fimmfalt fleiri börn biða nú eftir þjónustu borgarinnar en fyrir tæpum fimm árum.

Þessum upplýsingum hefur borgarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir víðað að sér, en hún þekkir vel til málaflokksins eftir að hafa starfað í tíu ár sem skólasálfræðingur í Hafnarfirði.

„Það er ekki hægt að réttlæta svona þróun með fólksfjölgun og faraldri,“ segir Kolbrún. „og í mínum huga er ekki til nein afsökun fyrir því að láta börnin biða lon og don.“

Í nýlegu svari embættismanna borgarinnar til Kolbrúnar um skólapijónustu kemur fram að meðalbiðtími eftir henni hafi verið að lengjast á umræddu árabili – og ástæðuna megi rekja til mikillar fjölgunar erinda á síðustu árum.

Í svariðnu er tekið sem dæmi að á milli árána 2020 og 2021 hafi beiðnum um aðstoð fjölgað um 30 prósent.

„Ég hef margsinnis bókað í borgarstjórn að við erum að leika okkur að eldinum,“ segir Kolbrún og bætir

”

Sálfræðingar eru farnir að leita í önnur störf.



Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélagsins

”

Við erum að leika okkur að eldinum.



Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins



Árelía Eydis Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokks

við: „Hvað halda menn að barn sem er búið að biða lengi eftir hjálp hugsi með sér? Það hlýtur að spyrja: Ætlar enginn að hjálpa mér?“ segir Kolbrún enn fremur.

Að sögn Kolbrúnar eru börnin fyrst og fremst að biða eftir sálfræðiaðstoð, einkum vegna kvíða, eineltis, námserfiðleika, málhelti, félagsfælni og atferlisþátta.

„Barna innan um eru börn sem þora einfaldlega ekki í skólann svo dögum skiptir,“ segir Kolbrún. Og það sé ekkert annað í stöðunni en að taka á þessum vanda af metnaði.

„Við erum að tala um þjónustu við börn í borg sem á tyllidögum segist stefna að því að verða barnvænasta

borgin á heimsvísu. Sú borg þarf að taka sér tak,“ segir Kolbrún.

Árelía Eydis Guðmundsdóttir, formaður Skóla- og frístundaráðs borgarinnar, segir vanda skólabarna sem þurfa á umræddri þjónustu að halda vera fjölbættari og flóknari en áður.

„Við erum að færa skólapijónustuna út í hverfin til að bæta hana – og sú breyting, ásamt fjölgun skólabarna, ekki síst barna af erlendum uppruna, hefur gert það að verkum að okkur hefur reynst erfiðara um vik að stytta biðlistana,“ segir Árelía Eydis.

EKKI bætir úr skák í þessum efnunum að skortur er á sálfræðingum á höfuðborgarsvæðinu og raunar víðar um land. Það staðfestir Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélags Íslands.

„Það vantar fjármagn í þessa þjónustu og fyrir vikið er flótti úr stéttinni. Sálfræðingar eru farnir að leita í önnur störf vegna álags og fjársveltis,“ segir Tryggvi. ■



Látum hendur standa fram úr ermum

Fólk yfir sextugu er hvatt til að þiggja
Covid-bólusetningu á næstu heilsugæslustöð
ef fjórir mánuðir eru liðnir frá síðustu bólusetningu.



Nánari upplýsingar
á heilsugaeslan.is
Heilsugæslan

Kæra málsmeðferð í Ísafjarðarbæ við úthlutun byggðakvóta

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSAFJÖRDUR Útgerðaraðilar á Ísa-firði telja að stjórnsýslulög hafi verið brotin við afgreiðslu byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ og að umsagnir hafi ekki verið teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Þá telja umræddir aðilar að bæjarstjóri sé vanhæfur til umfjöllunar um málið vegna hagsmunatengsla sem og fleiri í bæjarstjórn.

„Þetta kemur mér á óvart og ég tel að stór hluti þessarar kærú sé byggður á misskilningi. Þessar umsagnir sem þeir gera athugasemdir við, fengu svo sannarlega

umfjöllun,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, spurð hvort kærú hafi komið henni á óvart.

Í stjórnsýslukærunni kemur fram að málinu hafi verið komið að á fundi bæjarstjórnar að kvöldi til þann 3. janúar síðastliðinn og aðeins fengið þrjár mínútur í málsmeðferð þar sem eingöngu Arna Lára hafi tekið til máls.

Í kærunni er fullyrt að það hafi ekki verið hægt að sjá að málið hefði farið í tvær umræður líkt og gerð sé krafa um samkvæmt sveitarstjórnarlögum né fylgigögn lögð fyrir bæjarráð eða bæjarstjórn um

”

Þetta kemur mér á óvart og ég tel að stór hluti þessarar kærú sé byggður á misskilningi.



Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

þær sjö umsagnir sem bárust um málið. Því sé ekki hægt að álykta að bæjarstjórn hafi tekið upplýsta ákvörðun heldur hafi einhliða til-laga bæjarstjóra verið samþykkt.

„Þetta mál fékk efnislega umræðu. Við höldum undirbúningsfund fyrir bæjarstjórnarfundinn þar sem við ræddum þessar athugasemdir sérstaklega. Okkur bar ekki skylda til að auglýsa en við auglýstum eftir athugasemdum íbúa og fengum sjö athugasemdir sem fengu efnislega umræðu.“

Þar að auki er fullyrt í kærunni að þarna sé um hagsmunaárekstur að ræða þar sem Ísafjarðarbæ hafi

hagsmuna að gæta í að halda reglunum óbreyttum því Ísafjarðarbæ eigi eignarhlut í þremur útgerðar-félögum í gegnum Hvetjanda og stjórnarformaður félagsins sé bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Það er sérkennilegt, því ég hef engra persónulegra hagsmuna að gæta í málinu. Ég sit í stjórn Hvetjanda fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og hef engra persónulegra hagsmuna að gæta,“ segir Arna sem á von á því að úrskurðað verði Ísafjarðarbæ í hag.

„Ég geri ekki ráð fyrir öðru, annað væri afar sérkennilegt,“ segir Arna Lára. ■



Skriðdreki af gerðinni Leopard 2 í Neðra-Saxlandi í fyrra.

Senda skriðdreka sína til Úkraínu

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Þjóðverjar munu senda skriðdreka sem þeir framleiða til Úkraínu. Der Spiegel greindi frá þessu í gærkvöldi. Þjóðverjar hafa jafnframt lagt blessun sína yfir að önnur ríki, þar á meðal Finnland, Svíþjóð og Pólland, sendi sams konar skriðdreka til Úkraínu.

Hávær köll hafa komið frá Úkraínumönnum eftir skriðdrekum og meiri vopnabúnaði frá Vesturlöndum til að verjast áframhaldandi innrás Rússa. Hefur Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, verið gagnrýndur af leiðtogum nágrannaríkja sinna fyrir að stíga hægt niður fæti en virðist nú hafa látið undan.

Búist er við því að formlega verði tilkynnt um afhendinguna í dag. Um er að ræða svokallaða „hlé-barða“ eða Leopard 2-skriðdreka.

Andrj Jermak, starfsmannastjóri á skrifstofu úkraínska forsetaembættisins, fagnaði fréttunum og skrifaði á Telegram-síðu sinni að skriðdrekarnir eigi eftir að verða „sannkallaður högghefi lyðræðisins á móti einræðinu úr mírinni.“ ■



Lögreglumenn sátu um Ellen Gilland. MYND/LÖGREGLAN Í DAYTONA BEACH

Hálfáttæð skaut eiginmann sinn og var yfirbuguð

jonthor@frettabladid.is

BANDARÍKIN Ellen Gilland, 76 ára gömul kona, er grunuð um að skjóta eiginmann sinn til bana á spítala í Daytona Beach í Flórída.

Gilland segir að þau hafi skipulagt það saman að hún myndi drepa hann, þar sem hann var dauðvona.

Eftir að Gilland framdi verknáðinn neitaði hún að yfirgefa spítala-herbergið og hófst fjögurra klukkustunda stapp við lögreglu sem yfirbugaði hana með rafbyssu. ■

Hægt að tryggja öryggi Svía og Finna með gerð tvíhliða varnarsamninga

Aðildarumsókn Svíþjóðar að NATO er komin í uppnám eftir bókabrennu við tyrkneska sendiráðið í Stokkhólmi. Ekkert kemur hins vegar í veg fyrir tvíhliða varnarsamning þar til NATO-aðild fæst.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Þó að aðildarumsókn Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu (NATO) tefjist um nokkra mánuði eða jafnvel ár, er vel hægt að tryggja öryggi landsins með tvíhliða samningum. Þetta segir Friðrik Jónsson, fyrrverandi fulltrúi Íslands í hernaðarmáladeild NATO og núverandi formaður BHM.

„Óháð því hvenær formleg aðild klárast verður áfram stígandi í varnarsamstarfi milli Svíþjóðar, Finnlands og NATO,“ segir Friðrik.

Frá því að Svíþjóð og Finnland sóttu um aðild að bandalaginu í sumar hefur umsókn, að minnsta kosti Svíþjóðar, aldrei virst í jafn mikilli blindgötu og nú. Hvorki Ungverjaland né Tyrkland hafa samþykkt umsóknina en athyglin er á Tyrklandi.

Eftir að hinn dansk-sænski öfgamaður Rasmus Paludan sást brenna Kóraninn fyrir utan tyrkneska sendiráðið í Stokkhólmi sagði Recep Erdogan Tyrklandsforseti að Svíar gætu ekki treyst á stuðning Tyrkja. Tyrkir hafa heldur ekki fengið þá Kúrda framselda sem þeir vilja. Í kjölfarið af þessum vendingum sagði Pekka Haavisto, utanríkisráðherra Finnlands, að Finnar gætu þurft að hugsa um að hætta samfloti við Svía, en í ljósi landfræðilegrar legu Finnlands að Rússlandi liggur Finnnum meira á að komast inn í NATO.

Friðrik útilokar ekki þá sviðsmynd að Finnland gangi í NATO á þessu ári en Svíþjóð ekki. Flestallir vilji hins vegar sjá þetta gerast samhliða. Sjálfur segist Friðrik hafa trú á að umsóknin skili sér í höfn. „Það



Erdogan sagði að Svíar ættu ekki að gera ráð fyrir stuðningi Tyrklands við umsóknina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”

Það eru hagsmunir allra NATO ríkja, þar á meðal Tyrklands, og auðvitað Svíþjóðar og Finnlands, að þetta gangi í gegn.



Friðrik Jónsson, fyrrverandi fulltrúi í hernaðarmáladeild NATO

eru hagsmunir allra NATO ríkja, þar á meðal Tyrklands, og auðvitað Svíþjóðar og Finnlands, að þetta gangi í gegn,“ segir Friðrik.

Þangað til sé varnarsamstarfið hins vegar sífellt að aukast. Meðal annars innan JEF, sem Bretar leiða og bæði Finnland og Svíþjóð eiga aðild að. Ekkert komi í veg fyrir tvíhliða varnarsamninga, svo sem milli ríkjanna tveggja og Bandaríkjanna eða Bretlands. Þá sé samstarfið innan NATO þegar orðið meira eftir að formleg umsókn barst. Til dæmis voru yfirhershöfðingjar Svíþjóðar og Bretlands á herráðsfundi NATO í síðustu viku.

Friðrik segir kosningarnar í Tyrklandi þann 14. maí helstu ástæðuna fyrir andstöðu Tyrkja. „Aðildarumsóknin er að manni sýnist að verða fórnarlamb í hefðbundnum tauga-

titringi fyrir kosningar,“ segir Friðrik. Ekki sé hægt að neita því að staðan sé flókin, en þó séu engin merki um að almenn samstaða innan bandalagsins sé að breyta.

„Tyrkland hefur sína hagsmuni sem markast mjög af landfræðilegri stöðu milli Evrópu, Miðaustrurlanda og Asíu. Tyrkir eru mjög ófeymnir við að verja sína hagsmuni sama hvað. Sumum getur fundist það hvítleitt en aðrir virða hvað þeir halda í hagsmuni sína,“ segir Friðrik.

Aðspurður hvort að það gæti verið komin upp þreyta hjá öðrum NATO ríkjum gagnvart Tyrkjum segir Friðrik það fara eftir hvort töfin teljist málefnaleg eða hvort Tyrkir séu að blanda óskyldum málum inn í afgreiðslu umsóknarinnar. Það gæti valdið núningi. ■

Stórauknar framkvæmdir hins opinbera á árinu

ser@frettabladid.is

MANNVIRKJAGERÐ Samanlagt er áætlað að að verklegar framkvæmdir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem fara í útboð á þessu ári, kosti 173 milljarða króna. Það er 65 milljörðum króna meira en á síðasta ári.

Þetta kom fram á útboðsþingi Samtaka iðnaðarins sem fram fór í gær í samstarfi við Mannvirki, félag verktaka og Félag vinnuvélaeigenda. Gangi áætlanir eftir er ljóst að

opinberar framkvæmdir munu aukast um 60 prósent á milli ára og er það breyting frá samanburði milli 2022 og 2021 þegar var 15 milljarða króna samdráttur í fyrirhuguðum útboðum.

„Að mati Samtaka iðnaðarins er þessi aukning jákvætt framlag til hagvaxtar bæði á þessu ári og lítið til framtíðar enda er mikilvægt að fjárfesting í efnahagslega mikilvægum innviðum sé næg og viðhaldi þeirra sinnt,“ segir SI. ■



Framkvæmdir standa nú yfir í Seðlabankanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ástand heimsins

Sara kom upp úr Óskarshattinum í borg englanna

Íslendingar munu eiga einn fulltrúa á Óskarsverðlaununum en það var tilkynnt í gær. Indverjar halda upp á lýðveldisdag sinn á morgun og undirbúningur stendur sem hæst. Elton John tryllti lýðinn á Nýja-Sjálandi og sápuóperustjarna fékk viðurkenningu frá Vilhjálmi Bretaprinsi. Myndavélalinsur Getty-veitunnar eru alltaf að störfum – hvar sem er í heiminum.



Leikkonan Helen Worth fékk orðu frá prinsinum af Wales, Vilhjálmi. Worth hefur leikið Gail Platt í Coronation Street síðan 1974.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Indverjar fagna lýðveldisdegi sínum á morgun en undirbúningur er nú í fullum gangi fyrir hátíðarhöldin. Hér má sjá hermenn æfa stórhættulegt áhættuatriði; að bruna á mótörhjól í gegnum eldhringi.



Pau Riz Ahmed og Allison Williams tilkynntu hverjir hefðu verið tilnefndir til Óskarsverðlaunanna. Þar eigum við Íslendingar einn fulltrúa, Söru Gunnarsdóttur.



Belgisku konungshjónin, drottningin Matthildur og konungurinn Filip, hittu Othmar Karas á nýársfagnaði hallarinnar sem haldinn var í gær fyrir fastafulltrúa hjá Evrópusambandinu.



Leikmenn Real Madrid gera sig tilbúna fyrir komandi átök. Þjóðverjinn Antonio Rudiger, Brasilíumaðurinn Vinicius Junior og Frakkinn Karim Benzema hoppa og skoppa undir vökulu auga sjúkrapjálfa.



Elton John geislaði á sviðinu í Christchurch en um 30 þúsund manns fylltu leikvanginn og sungu duglega með. Eðlilega, enda var stórstjarnan að spila í fyrsta sinn á Nýja-Sjálandi í hartnær þrjátíu ár.



Amazon hefur fært sig meira inn á heilbrigðismarkaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Amazon selur notendum lyfjaáskrift

Netrisinn Amazon tilkynnti í gær að fyrirtækið myndi bjóða viðskiptavinum sínum upp á mánaðarlega áskrift fyrir kaup á lyfjum. Áskriftin mun kosta fimm Bandaríkjadali (720 ISK) á mánuði og er áætlað að hún muni spara notendum rúmlega 100 dali á ári í lyfjakostnað.

Verkefnið, sem ber heitir RxPass og er aðeins aðgengilegt Prime-meðlimum, mun ná yfir 50 mismunandi lyf sem vinna gegn 80 langvinnnum sjúkdómum. Viðskiptavinir munu geta keypt lyf gegn háum blóðþrýstingi, kviða, sykursýki og hármissi.

Gjaldið mun bætast ofan á árlegt

áskriftargjald Prime-meðlima, sem er 139 Bandaríkjadali. Þeir sem eru hins vegar tryggðir af Medicare, Medicaid eða öðrum ríkistryggðum heilbrigðisáætlunum munu ekki geta skráð sig í RxPass.

Ný þjónusta Amazon er í takti við þá þróun fyrirtækisins að koma sér meira inn á heilbrigðismarkaðinn í Bandaríkjunum, en Amazon keypti meðal annars netlyfjaverslunina PillPack árið 2018.

„Við teljum að margir Bandaríkjamenn sem þjást af langvinnnum sjúkdómum muni njóta góðs af þátttöku Amazon á lyfjamarkaðnum og að geta fengið lyfin sín heim að dyrum og á lágu verði,“ segir John Love, varaforseti Amazon Pharmacy. ■



Mesti slagkrafturinn í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis um þessar mundir er á svæðum utan höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Telja fjárfesta halda aftur af framkvæmdum í borginni

Verktakar eru uggandi yfir hve hægt gengur að ýta stórum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu úr vör. Flest stærri verkefni á þéttlingarreitum séu í höndum fjárfestingafélaga sem haldi að sér höndum vegna óvissu og efnahagsþrenginga.

ggunnars@frettabladid.is

Skjálfti er farinn að gera vart við sig á verktakamarkaði vegna þess hve treglega gengur að hefja framkvæmdir á stórum byggingarreitum á höfuðborgarsvæðinu.

Helsta ástæðan er talin sú að umsvifamikil fjárfestingafélög, sem hafa heilu hverfin til umráða, haldi nú að sér höndum vegna verðhækkana og ólgu í efnahagslífinu.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segist kannast við þessar áhyggjur úr röðum sinna félagsmanna.

„Þetta dregur í raun fram ákveðna stöðu sem við höfum haft áhyggjur af um nokkurt skeið, hvað varðar framboð á húsnæði og slagkraft í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.“

Sigurður segir algengt að fulltrúar sveitarfélaga furði sig á hve hægt gangi að byggja nýjar íbúðir en gleymi gjarnan að taka með í reikninginn að það sé ekki endilega við verktakana sjálfa að sakast í þeim efnum.

„Það eru aðrir aðilar sem hafa þetta í hendi sér að mestu leyti. Oftast einhvers konar fjárfestinga- eða þróunarfélög, með heilu hverfin til umráða á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Sigurður.

Samkvæmt verktökum, sem Fréttablaðið hefur rætt við undanfarna daga, er verkefnastaða flestra fyrirtækja í byggingageiranum enn nokkuð góð þótt hægt hafi á fasteignamarkaði.

Mesti slagkrafturinn um þessar mundir sé hins vegar á svæðum utan þéttbýlasta hluta landsins. Þá helst í sveitarfélögum á Suðurlandi og Reykjanesi.

Þetta segir Sigurður að renni frekari stöðum undir að ákveðinn flöskuháls sé að myndast í uppbyggingu húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir gríðarlega eftirspurn og vilja stjórnvalda til að hraða framkvæmdum.

„Ég er ekkert endilega að segja að þetta sé slæm þróun. Allt hefur



Kallað hefur verið eftir hraðari uppbyggingu húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu til að svara uppsafnaðri eftirspurn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

”
Þetta dregur í raun fram ákveðna stöðu sem við höfum haft áhyggjur af um nokkurt skeið.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

sína kosti og galla, en þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Hvatinn til að hefja framkvæmdir getur verið allt annar eftir því hvort um er að ræða byggingarverktaka eða fjárfestingafélag.

Verktakinn þarf alltaf að halda uppi sterkri verkefnastöðu. Hvað sem á dynur. Hann getur ekki leyft sér að biða af sér storminn þegar illa árar eða óvissa skapast. Það er í raun breytingin sem við höfum séð undanfarin misseri og hún hefur þessi áhrif.“

Á móti komi, segir Sigurður, að stærri fjárfestar eða þróunarfélög horfi frekar á heildarmyndina. Sem

»
Verkefnastaða flestra fyrirtækja á byggingamarkaði er enn nokkuð góð þótt hægt hafi á fasteignamarkaði.

komi heim og saman við breyttar áherslur sveitarfélaga í skipulagsmálum. Hér áður fyrr hafi úthlutun lóða gerst með öðrum hætti. Oft án tillits til samsetningar heilu borgarlutanna.

„En það er auðvitað ekki gott ef þessi staða hægir á uppbyggingu mikilvægra svæða.

Náttúruleg fjölgun íbúa og uppsofnuð húsnæðisþörf kalla á hraðari uppbyggingu en við höfum séð fram til þessa.

Það þurfa því allir að leggjast á árarar og tryggja stóraukið framboð á húsnæði. Fyrirtæki jafnt sem sveitarfélög,“ segir Sigurður. ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

SVIPMYND

Ferðin til Singapúr og Balí eftirminnilegust

Dröfn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs hjá Origo.

Menntun: BA í sálfræði frá HÍ og meistaragráða í sálfræði, með áherslu á vinnusálfræði, frá Háskólanum í Giessen í Þýska-landi.

Fjölskylduhagir: Gift Sigurði Bjarnasyni, tvær dætur.

Dröfn Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Mannauðs hjá Origo og hefur sinnt því starfi í bráðum tíu ár. Áður starfaði hún sem mannauðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu, þar áður sem fræðslustjóri hjá Arion banka. Einnig hefur hún starfað hjá Reykjavíkurborg og í mannauðsmálum hjá Straumi fjárfestingabanka.

„Það er ótrúlega gefandi að vinna að mannauðsmálum hjá Origo. Við erum sífellt að þróa vinnustaðinn og leggjum áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi sem ýtir undir velliðan og nýsköpun starfsfólks. Við vinnum markvisst að því að auka jafnrétti og fjölbreytileika, því við trúum því að þannig fáum við fjölbreyttari sjónarmið að borðinu,“ segir Dröfn.

„Origo hefur til fjölda ára lagt gríðarlega áherslu á starfsánægju og velliðan starfsfólks. Við höfum fylgst með vaxandi starfsánægju hjá okkur síðastliðin ár sem hefur verið



Dröfn Guðmundsdóttir segir lífið vera of stutt fyrir lélegar bækur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

að fjölga konum og auka fjölbreytileika í hópi starfsfólks okkar.

Við munum líka halda áfram að leggja áherslu á að gefa ungu fólki tækfæri á störfum, með því að bjóða fleiri háskólanemum upp á starfsnám og lokaverkefni og fjölga sumarstarfsfólki. Í starfsmannahópi Origo er gríðarleg reynsla og hár starfsaldur og því erum við vel í stakk búin til að taka við ungu fólki og gefa því tækifæri á að læra áfram og þróast í starfi. Ungu fólkið kemur með nýjar og ferskar hugmyndir og saman verður það frábær blanda,“ segir Dröfn.

Hver eru helstu áhugamálín?

„Ég á mörg áhugamál en fyrir utan mannauðsmálín þá veit ég fátt betra en að stunda skemmtilega hreyfingu í góðum félagsskap, helst úti. Mér finnst frábært að ganga á fjöll, hjóla og spila gólf.“

Áttu þér uppáhaldsbók?

„Ég hef lesið margar góðar bækur og er yfirleitt með tvær bækur í takinu hverju sinni, eina hljóðbók og eina „venjulega“ bók á náttborðinu. Lífið er of stutt fyrir lélegar bækur, svo ég hætti hiklaust að lesa eða hlusta á bók sem vekur ekki áhuga minn á fyrstu 50 síðunum.“

Eftirminnilegasta sumarfríið?

„Ég eyði flestum mínum sumarfrisdögum í ferðalög erlendis. Ítalía er í sérstöku uppáhaldi og ég hef ferðast víða þar um og á enn nóg eftir. En ætli ferðin til Singapúr og Balí árið 2019 með eiginmanninum sé ekki sú eftirminnilegasta.“ ■

”

Það veitir mér mikinn innblástur að vinna hjá fyrirtæki sem hlúir eins vel að starfsfólki og Origo gerir.

afar ánægjulegt. Við gerum mánadaglegar mælingar með hugbúnaðinum Moodup til að mæla viðhorf starfsfólks til vinnustaðarins. Það

er gaman að segja frá því að Origo er að skora einna hæst af þeim rúmlega 60 fyrirtækjum sem nýta Moodup. Starfsánægja í desember mældist 8,4 sem er hæsta skor sem fyrirtæki í Moodup hefur náð. Við erum virkilega stolt af þessu,“ segir hún.

„Það veitir mér mikinn innblástur að vinna hjá fyrirtæki sem hlúir eins vel að starfsfólki og Origo gerir. Við leitum stöðugt leiða til að skapa lærdómsmenningu með hvatningu til starfsmanna um að taka ábyrgð á eigin þekkingu og færni og sýna frumkvæði í þekkingarleit sinni.

Á dögnum samþykkti stjórn Origo að setja á laggirnar mennta-sjóð fyrir hluta af söluhagnaði

Tempo. Markmið sjóðsins er að virkja hugvit og styrkja mannauð Origo til framtíðar á sviði nýsköpunar og verðmætasköpunar. Það er mjög gefandi að horfa á starfsfólk vaxa og þróast og með tilkomu þessa sjóðs opnast ný tækifæri í að styðja við þekkingaröflun og virkjun hugvits.

Origo setti sér það markmið fyrir tveimur árum að 50 prósent nýráðinna væru konur. Það hallar enn á konur hjá Origo og í tæknigeiranum en hjá okkur eru nú 30 prósent starfsfólks konur. Þó okkur hafi ekki tekist að ná settu markmiði í ráðningum á síðastliðnu ári gefumst við ekki upp. Við ætlum að halda áfram

Vilt þú starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum til formanns og í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

Framboðsfrestur er til **kl. 12:00 á hádegi, mánudaginn 6. febrúar.**

Um er að ræða annars vegar einstaklingsframboð til formanns, til sjö sæta í stjórn og þriggja til vara. Skrifleg meðmæli 50 VR félaga þarf vegna einstaklingsframboðs til formanns og 15 þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar.

Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista uppstillinganefndar VR sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 VR félaga sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum VR er einstaklingi óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og vera í framboði til formanns eða stjórnar félagsins.

Frambjóðendum er bent á **www.vr.is**, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegri upplýsingar eru birtar um framboð til formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma **510 1700** eða með tölvupósti til **kjorstjorn@vr.is**. Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

25. janúar 2023
Kjörstjórn VR



Tekur sínar eigin sósur með á veitingastaði



Helgi Steinar
Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Íslenskur sósuframleiðandi sem sérhæfir sig sterkum sósum fyrir kjúklingavængi áætlað að auka framleiðslu með fleiri vörutegundum. Hann vill bjóða upp á safarikari bar-mat á Íslandi og segir eftirspurnina gríðarlega í kringum bandarísku Ofurskálina.

Eggert Smári Sigurðsson, stofnandi Smári's Volcano Sauce, stendur frammi fyrir mikilli útrás í heimi kjúklingavængja á Íslandi. Frá 2020 hefur hann selt sterkar vængjasósur með þremur mismunandi styrkleikum og vonast nú til að geta bráðum selt eigin ostastangir og kryddaða vængi í verslunum Hagkaups.

„Vængirnir eru kryddaðir með sérstakri kryddblöndu sem er aðeins vægari en vægasta sósan sem við seljum. Kryddið ber heitið Grímsnes og passar vel við allar sósurnar við seljum nú þegar,“ segir Eggert en allar sósurnar eru nefndar eftir íslenskum eldgosum. Styrkleiki hverrar sósu samsvarar stærð eldgosanna og heita þær Askja, Hekla og Katla.

Hugmyndin um að tengja sósurnar við íslensk eldgos kom frá sænska hönnuðinum Ted Karlsson sem hannaði bæði vörumerkin og alla límmiðana. „Þetta er maður sem dýrkar Ísland en hann segir að það sé of dýrt og of kalt til að búa hérna,“ segir Eggert.

Eggert Smári kynntist fyrst sterkum sósum á meðan hann bjó bæði í Atlanta í Georgíu-fylki og í bandarísku borginni Montgomery í Alabama. Eftir að hafa komið aftur til Íslands segist hann hafa orðið leiður á þeim sterku sósum sem stóðu til boða hér og fannst vanta meiri styrkleika á markaðinn. Eggert byrjaði að prufa sig áfram með ýmsar kryddtegundir og var fljótlega farinn að búa til sínar eigin sósur.

Þrátt fyrir hógværa stærð framleiðslunnar segir Eggert eftirspurnina vera mikla og þá sérstaklega í kringum bandarísku Ofurskálina. Yfir þeim leik er algengt að áhorfendur víða um heim gæði sér á hefðbundnum bandarískum mat og þá sérstaklega sterkum kjúklingavængjum. Eggert ákvað að bjóða einnig upp á kjúklingavængi yfir þann tíma en náði varla að mæta eftirspurninni.

„Ég pantaði fyrst um 25 kíló af vængjum en ég fékk sjálfur svo mikið af pöntunum að ég endaði á því að klára allar birgðir hjá bæði



”

þegar þú pantar þér mozzarella ostastangir hérna á Íslandi þá eru þær á stærð við tituprjón.

Matfugli og Holta í Reykjavík. Ég neyddist svo til að keyra alla leið upp á Hellu til að fullnægja öllum pöntunum og ég held að ég hafi meira að segja klárað allar birgðirnar hjá þeim líka.“

Eggert segist vera mikill aðdáandi bandarískra íþrótta og hefur jafnvel selt sósur sínar á meðan hann fylgist með sunnudagsleikjum á veitingastaðnum American Bar við Austurstræti.

„Ég var orðinn þreyttur á þessum sömu sósum sem virðast alltaf fylgja kjúklingavængjum á nánast öllum veitingastöðum. Þannig að ég byrjaði að taka mínar eigin sósur með og bað bara um þurra vængi með engri sósu og það fór að vekja smá athygli. Fólk fór að spyrja mig út í sósunu og sumir sem smökkuðu voru það hrifnir að þeir einfaldlega keyptu bara af mér hálfa flöskuna.“

Eggert segir að einn þeirra hafi verið bareigandi frá borginni Filadelfíu í Bandaríkjunum. Hann hafi keypt sósunu og haft samband við Eggert nokkrum vikum seinna til að panta sex flöskur af hverri tegund. „Þeir höfðu svo samband við mig núna um jólin og sögðu mér

að sósan væri að slá í gegn hjá viðskiptavinum þeirra.“

Netsala á Volcano sósunni erlendis hefur einnig færst í aukana og segir Eggert að mest sé pantað frá Danmörku og Bandaríkjunum. Rúmlega 30 flöskur hafi farið til Bandaríkjanna um jólin og segir Eggert að þær sendingar hafi að öllum líkindum verið jólagjafir. Hann segir að það sé mjög vinsælt meðal áhugamanna um sterkar sósur að eiga tegundir frá mismunandi heimshornum.

Eggert telur framtíð fyrirtækisins bjarta enda segir hann mikla þörf vera á því sem hann kallar „alvöru íþrótta-barsnarli“ á Íslandi. Samhliða sölu á sterkum sósum segist hann vilja selja eins mikið af hefðbundnum matvörum sem finnast á börum úti í heimi og henta fullkomlega fyrir íþróttaáhorf.

„Þegar þú pantar þér mozzarella-ostastangir hérna á Íslandi þá eru þær á stærð við tituprjón. Þær eru í rauninni bara jafn stórar og franskar kartöflur sem þú myndir fá á sportbar í Bandaríkjunum. Við erum farin að horfa á sömu íþröttir og þeir, af hverju ekki að bjóða upp á jafn safaríkan mat líka?“ ■

Eggert Smári kynntist fyrst sterkum vængjasósum á meðan hann bjó í suðurrikjum Bandaríkjunna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON

Stærstu lífskjaraskerðingar síðan mælingar hófust

helgisteinar@frettabladid.is

Verðbólgan í Bretlandi mældist rétt undir þeim 10,7 prósentum sem hagfræðingar höfðu spáð fyrir nóvember síðastliðinn.

Lækkandi eldsneytisverð hjálpaði til við að koma til móts við hækkun á verðbólgu en hækkandi kostnaður við kyndingu og mat heldur áfram að íþyngja heimilunum í landinu.

Samkvæmt fréttastofunni Reuters voru verðbólguþáttir hagfræðinga fyrir nóvember 10,9 prósent. Verðbólgan mældist 11,1 prósent mánuðinn þar á undan og hafði hún ekki verið það há í 41 ár.

Sedlabanki Englands mun kynna nýja peningamálafestnu á fimmtudaginn og er almennt búist við 50 punkta vaxtahækkun.

Bretar glímdu einnig við mikið af verkföllum yfir hátíðarnar þar sem verkamenn börðust fyrir bættum

vinnuaðstæðum og launahækkunum í samræmi við verðbólguhækkunar.

Ein af fjármálaeftirlitsstofnunum breska ríkisins, Office for Budget Responsibility, hefur spáð því að Bretar standa frammi fyrir stærstu lífskjaraskerðingu síðan mælingar hófust. Búist er við að rauntekjur heimila í landinu muni lækka um 4,3 prósent á árinu í ljósi lengstu kreppu í breskri sögu.

Fjármálaráðherra Bretlands tilkynnti í síðasta mánuði fjölda skattahækkana, niðurskurð á útgjöldum og 55 milljarða punda ríkisfjármálaáætlun.

Hingað til hafa aðgerðir stjórnsvalda ekki haft tilætluð áhrif á verðbólgu en sérfræðingar vonast til að sjá áhrifin þokast í rétta átt.


„Við búumst ekki við mikilli lækkun á næstunni,“ segir Richard Carter hjá fjárfestingarfyrirtækinu Quilter Cheviot. ■



Verðbólgan í Bretlandi fyrir nóvember mældist rétt undir spám.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Með pér á porranum



Óvissuferðir



Garðar Örn
Úlfarsson
gar
@frettabladid.is

Mörg hundruð manns sem flugu frá Bandaríkjunum til Íslands aðfaranótt sunnudagsins síðastliðins hljóta að hugsa sig um tvisvar áður en þau treysta flugfélaginu sem ferjaði þau yfir hafið aftur fyrir tíma sínum.

Þoturnar sem streymdu yfir hafið þessa nótt stefndu beint með farm sinn í herkví hálfu og vindhviða við komuna til Íslands. Vegna aðstæðna var ekki hægt að hleypa farþegunum frá borði og máttu þeir dúsa í vindbördum flugvélunum sem jafnvel snerust eins og skoppa-kringlur á ísilögðum flugbrautum og flughlöðum.

Allt virðist þetta hafa verið fyrirsjáanlegt áður en þoturnar hófu sig til lofts vestanhafs, að minnsta kosti ef marka má útlitið samkvæmt spá Veðurstofu Íslands fyrir Keflavíkurflugvöll sem gefin var út á ellefta tímanum á laugardagskvöld – fyrir brottför frá Bandaríkjunum. Nefna má að vegfarendur á Reykjanesi urðu varir við fljúgandi hálfu sem þegar um kvöldið hafði lagst þar yfir vegi – og eflaust flugbrautir líka.

Vel má vera að flugrekendur telji sig í fullum rétti til að standa í veðmálum við veðurguðina og umboðsmenn þeirra hér á jörðu niðri – og síðan teygja þægindaramma viðskiptavina sinna út fyrir öll mörk ef þeir verða undir í þeim slag. Kannski er þeim vorkunn að vilja að allt gangi snurðulaust fyrir sig og samkvæmt áætlun.


Frá sjónarhóli flugfarþega virðist vandinn vera skipulag og umgjörð millilandaflugs. Isavia, sem rekur Keflavíkurflugvöll, hefur gefið út að slíkur alþjóðaflugvöllur sé ávallt opin á meðan hægt sé að lenda. Það sé flugfélögunum í sjálfsveld sett hvort þau lendi þegar völlurinn er opin – líka þótt ekki sé mögulegt að koma farþegum og áhöfn frá borði heldur þurfi að láta hópinn hirast í vélunum þar til slæmar veðurspár hafa ræst að fullu.

Hugsanlega þurfa yfirvöld að grípa hér í taumana með hagsmuni almennings í huga í staðinn fyrir sjónarmið flugrekenda sem vilja halda sínum plönunum – sem eins og alkunna er þola ekki mikið rask án þess að fara út um þúfur með tilheyrandi kostnaði og vandamálahöllum.

Vera má að setja þurfi flugfélögunum stólinn fyrir dyrnar í þessum efnum eða kannski þarf eigandi flugvallarins einfaldlega að útbúa aðstæður sem tryggja eins og framast er unnt að koma megi fólki út úr vélunum og í mann-sæmandi skjól inn í hús ef á annað borð er hægt að lenda. Með milljarðatuginum sem farið hafa í Keflavíkurflugvöll og umgjörð hans í huga hlýtur einfaldlega að vera hægt að búa þannig um hnútana. Nema náttúrulega að viljinn standi til þess að halda áfram að bjóða upp á óvissuferðir. ■

”
Vel má vera að flugrekendur telji sig í fullum rétti til að standa í veðmálum við veðurguðina og umboðsmenn þeirra hér á jörðu niðri.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

ser@frettabladid.is

Hólmurinn

Stórkostlegustu senu í sögu Alþingis er ekki langt að biða, en þá brestur á með æsilegustu áskorun síðustu alda, gott ef ekki frá tímum Sturlunga og þeirra sveina allra sem stungu mann og annan. En nú bregður svo við að kona blandar sér í slaginn – og það með fyrirsjáanlegum tilþrifum. Þar er komin Pírataþingkonan Arndís Anna Kristínar Gunnarsdóttir sem mun standa með rafbyssuna fullhlaðna á vesturjaðri Austurvallar, en hinum megin, austan hans, mun vígalegasti ráðherra þjóðarinnar doka við, með að minnsta kosti aðra hönd á sérútbúnum rafvarn-arbúnaði sínum. Og svo munu þau nálgast – Gunnarsbörnin bæði – undir dúndrandi pottaslætti alþýðunnar – og það er ekki nokkur leið að spá fyrir um það hvort þeirra liggur í valnum.

Beint

Allir aðrir bardagar, bæði síðari tíma og fyrri, munu blikna í samanburði við þessa svaðalegustu hólmgöngu okkar tíma. Augljóst er að ef Ríkissjónvarpið fær aukalega greitt fyrir viðvikði þar á bæ munu heilu herdeildirnar af myndatökumönnum hins opinbera raða sér á þakrendurnar í kringum Austurvöll til að fanga augnablikið í beinni útsendingu. Og hún mun fara um jarðir allar – og toppa alla aðra slagi, hvort heldur er Mohammad Ali og Joe Frazier, ellegar Gunnars Nelson og Santiago Ponzinibbio. ■

Erfiða konan



Jódís Skúladóttir
sérstaklega
erfið kona og þing-
maður VG

Í störfum þingsins í gær, þriðjudaginn 24. janúar, ræddi ég um erfiðu konuna, eins konar hlutgervingu þeirrar smánunar sem konur sem að taka pláss þurfa að sitja undir.

Orðræðan um erfiðu konuna er þekkt kúgunar-tæki sem byggir á löngu útrunnum hugmyndum kynjathyggjunnar og eðlishyggjunnar þar sem fólk hefur mismunandi hlutverk í samfélaginu byggt á kyni.

Þannig er karlmönnum eðlislæg skynsemi og gagnrýni en konum tilfinningasemi og taugaveiklun. Karlar eiga heima í atvinnulífi, græða á daginn og grilla á kvöldin á meðan aðþrengdar eiginkonur þeirra sinna þjónustustörfum og umönnun aldraðra og barna.

Það er þyngra en tárur tekur að endurtaka þennan reiðipistil á því „herrans“ ári 2023. Það er þó ekki þannig að ekkert hafi áunnist í jafnréttismálum.

En betur má ef duga skal og mikilvægt að minna á hvaðan við erum að koma. Fortíðin er bara hinum megin við næfurþunna skánina sem er áunnin réttindi þeirra sem hafa þurft að lúta í lægra haldi fyrir feðraveldinu í aldanna rás.

Karlmenn leiðtogar en konum refsað

Og stundum vellur óræstið upp á yfirborðið, sjálf hef ég oft þurft að sitja undir þeim ranghugmyndum að á bak við sjálfan forsætisráðherra séu það raunverulega karlkyns ráðherrar sem sitji við stjórnvölinn.

Upplegg ræðu minnar í gær var stuðningsyfirlýsing samtaka kvenna í kvikmynda- og sjónvarpsíðnaðinum á Íslandi, WIFT. „Karlmenn sem gera kröfur til samstarfsfólks eru leiðtogar. Konum er refsað fyrir sömu kröfur. Þær eru jafnvel flokkaðar sem erfiðar að vinna með.“

Þetta nýlega dæmi sýnir okkur að við megum aldrei sofna á verðinum þegar kemur að jafnrétti og kvenvirðingu. Að þó að við höfum náð langt í því að segja feðraveldinu til syndanna þá er stutt í orðræðuna um „erfiðu konuna“. Við verðum að gera þá kröfu að sú stétt sem um ræðir og aðrar stéttir sem enn eru að meirihluta karlmenn, séu ekki undanskildar jafnrétti kynjanna. ■

Sjálfvirkur
opnunarbúnaður og
snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvgi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is



Það kennir ýmissa grasa í verslunum Góða hirðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breytingar hjá Góða hirðinum

gummih@frettabladid.is

Það eru breytingar í farvatninu hjá Góða hirðinum, sem er nytjamaarkaður Sorpu. Í mars á þessu ári mun Góði hirðirinn opna nýja verslun sem verður til húsa á Köllunarklettsvegi 1 í Reykjavík.

Í nýju og stærra húsnæði mun verða meira rými sem mun skapa aukna möguleika fyrir fólk að finna notuðum hlutum nýtt heimili og lengja líftíma í takti við tilgang og markmið hringrásarhagkerfisins.

Breytingarnar hafa það í för með sér að verslunum Góða hirðisins í Fellsmúla og á Hverfisgötu verður lokað og flyst öll starfsemin í nýju verslunina á Köllunarklettsveg. Versluninni á Hverfisgötu verður lokað 31. þessa mánaðar og á sama tíma mun netverslun Góða hirðisins draga sig í hlé vegna breytinga og flutninga.

Viðskiptavinir hafa frest til 20. febrúar að sækja vörur sem keyptar hafa verið í netverslun. Versluninni í Fellsmúla verður síðan lokað þann 20. febrúar.

Sérstakir tilboðsdagar

Sérstakir tilboðsdagar verða í verslunum Góða hirðisins fyrir flutningana og mun allur ágóði á tilboðsdögum á Hverfisgötu renna til góðgerðarmála.

Markmið Góða hirðisins hefur frá upphafi verið að endurnota hluti til áframhaldandi lífs og draga þannig úr sóun. Allur ágóði af sölu hefur runnið til góðgerðarmála en frá árinu 1996 hefur um 270 milljónum króna verið veitt í styrki. ■

MEKÓ
MEKO.IS
MENNING
Í KÓPAVOGI

Eyrún Sigurjónsdóttir hefur alla tíð stundað mikla hreyfingu, skiðamennsku, golf og hestamennsku. Eftir hnémeiðsli og aðgerðir var hún hætt að geta stundað skíði. Henni var þá bent á að taka inn kollagenið frá Feel Iceland og áhrifin létu ekki á sér standa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikil gleði að vera komin aftur á skíði

Eyrún Sigurjónsdóttir hefur alla tíð stundað hreyfingu og útivist. Hún spilar golf, fer á skíði og var áður í hestamennsku. Á tímabili gat hún þó ekki stundað mikla hreyfingu vegna hnémeiðsla og liðverkja. Þá kynntist hún kollageninu frá Feel Iceland og það breytti öllu. **2**

„Ég hef hreyft mig mikið í mörg ár. Ég er mest í golfi og skiðamennsku en líka allri útivist. Ég er samt ekki mikil fjallageit. Ég var áður mikið í hestamennsku, en við erum nýhætt í henni, við fjöl-skyldan,“ segir Eyrún.

„Hestamennskan tók mikinn tíma frá okkur en núna er það golfið. Við hjónin stundum það mikið, bæði á sumrin og á veturna. Við byrjuðum í því fyrir svona sjö árum og alveg elskum það.“

Eyrún segist hafa byrjað að stunda skiði af miklum krafti þegar hún var barn. En hún var hætt að stunda skiði vegna hnémeiðsla.

„Ég var búin að fá alls konar hnémeiðsli og fara í þrjár hnéaðgerðir og var komin með mikla liðverki,“ segir hún.

Það kom svo að því að Eyrún ákvað að byrja að hugsa betur um sjálfa sig og styrkja sig. Hún byrjaði að æfa hjá Gfit í Garðabæ en þar æfir hún núna þrisvar til fjórum sinnum í viku.

„Guðbjörg, þjálfarinn minn í Gfit, mælti með kollageninu frá Feel Iceland og mér finnst það hjálpa mér í allri hreyfingu,“ segir Eyrún.

„Ég finn alveg stóran mun á mér. Ég get aftur farið á skiði og golfið er mikið auðveldara. Ég finn mikinn mun á liðunum, en ég var orðin mjög slæm. Ég var sem sagt búin að láta laga liðþófa þrisvar sinnum og var komin með brjóskeyðingu í hnén.“

Bjóst ekki við áhrifunum

Guðbjörg þjálfari benti Eyrúnu á að setja Amino Marine kollagenduftið frá Feel Iceland út í kaffibollann sinn en þannig fyndi hún ekkert bragð af duftinu.

Eyrún hefur samviskusamlega drukkið morgunkaffið sitt með kollagenduftinu í þrjú ár og segist ekki vilja hætta því.

„Mér finnst bragðið af kaffinu verða eins og það

Ég var að koma úr skíðaferð frá Frakklandi um jólin og fann ekki fyrir því. Ég hefði aldrei trúað því að ég gæti gert það aftur.

sé rjómalagað. Mér finnst það alveg geggjað. Ég tek kollagenið á hverjum einasta degi, ég tek það meira að segja með mér til útlanda. Maður hefur stundum verið hræddur um að fara með eitthvert svona hvítt duft til útlanda, en ég hef ekkert verið stoppuð með það,“ segir Eyrún og hlær.

„Meðmæli frá Guðbjörgu eru ástæðan fyrir að ég kynntist þessari vöru en núna eru margir í kringum mig farnir að nota hana því ég tala svo vel um hana. Meira

Ég var búin að fá alls konar hnémeiðsli og fara í þrjár hnéaðgerðir og var komin með mikla liðverki.

að segja foreldrar mínir sem eru á níræðis- og tíræðisaldri taka þetta, þau nota þetta út í kaffi eða te. Ég sé alltaf um að kaupa duftið fyrir þau og þau hringja reglulega og minna mig á að panta, svo þau eru ánægð.“

Spurð að því hvort hún finni mun ef hún sleppir að taka inn kollagenið segir Eyrún að hún hafi ekki þorað að sleppa því, hún sé orðin svo góð í liðunum og vilji ekki fara til baka.

„Maður yngist heldur ekki svo ég vil bara halda þessu áfram. Ég átti alls ekki von á að þetta hefði svona jákvæð áhrif á mig. Maður fer alltaf með blendnar tilfinningar út í að taka inn svona fæðubótarefni. Ég hef ekki mikið verið að taka þau inn. En af því Guðbjörg mælti svo vel með þessu þá ákvað ég að láta slag standa og sé alls ekki eftir því,“ segir Eyrún.

„Ég var að koma úr skíðaferð frá Frakklandi um jólin og fann ekki fyrir því. Ég hefði aldrei trúað því að ég gæti gert það aftur. Svo held ég að styrktaræfingarnar hjá Guðbjörgu hafi líka hjálpað mér. Ég held að maður þurfi ekki að hafa neina sérstaka kvilla til að taka þetta inn. Það er alltaf gott að styrkja sig.“

Úr íslensku fiskroði

Feel Iceland framleiðir hágæða kollagenprótein úr íslensku fiskroði. Vörurnar eru í umhverfisvænum umbúðum og lögð var áhersla á samfélagslega ábyrgð við þróun þeirra.

Vinsæla varan er Amino Marine kollagen. Það er hreint kollagenpróteinduft sem gott er að blanda út í til dæmis drykki, grauta og jógúrt eða kaffi líkt og Eyrún gerir á hverjum morgni. Nú er hægt er að kaupa Amino Marine kollagen í áskrift í vefverslun Feel Iceland. Fyrsta sendingin inniheldur stóra kollagendós en í framhaldi fá áskrifendur senda áfyllingarpoka til að hella í fjölnota áldósina.

Vörur Feel Iceland hafa notið mikilla vinsælda vegna virkni og hreinleika þeirra og þær hafa hlotið erlendar viðurkenningar fyrir sérstöðu sína og gæði, ásamt því að vekja áhuga erlendra fjölmiðla. ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars í Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Apótekaranam, Frihöfninni og Nettó. Sjá nánar á feeliceland.com



Eyrún fær sér kollagen út í kaffibollann sinn á hverjum einasta morgni og henni liður miklu betur í liðunum.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Mörgum finnst gott að fá sér kollagenið frá Feel Iceland út í morgunkaffið.

Töfrar mjólkurþistils ótrúlegir

Tobba Marinósdóttir eigandi Granólabarsins kynntist Mjólkurþistli frá ICEHERBS í gegnum viðskiptavin. Síðan hefur hún boðið upp á mjólkurþistil samhliða safahreinsun á Granólabarnum.

Viðskiptavinurinn góði hafði sjálfur notað mjólkurþistil, samhliða safahreinsunum. Hann hafði heyrt af því að mjólkurþistill ýtti undir hreinsandi áhrifin og stakk því upp á því að Tobba byði upp á mjólkurþistil á Granólabarnum, sem hún rekur með móður sinni úti á Granda.

„Þegar fólk vill ná sem mestum „detox“ áhrifum er það mjög öflugt að para saman mjólkurþistilshylki frá ICEHERBS og taka tvö hylki á dag samhliða safahreinsun. Hylkin ein og sér virka hreinsandi en ef þú parar þau saman með safahreinsun, þá færðu enn öflugri niðurstöðu,“ segir Tobba. Hún segist í raun vera hissa á því að hún hafi ekki heyrt af töfrum Mjólkurþistils fyrr.

„Mjólkurþistill á sér langa hefð sem lækningajurt en hann inniheldur virka efnið Sylimarín sem örvar starfsemi lifrar og nýrna. En mjólkurþistillinn frá ICEHERBS inniheldur líka fjallagrös sem eru algjörir töfrar. Það er ástæða fyrir því að mamma og amma og langamma þræluðu þeim í sig. Það er af því þau gera gagn,“ segir hún.

Tobba segir að hreinsunaráhrifin séu ein jákvæð hlið mjólkurþistils, en önnur hlið sem hún hefur uppgötvað er að mjólkurþistill virkar mjög vel til að lágmarka eftirköst ef áfengi er haft um hönd.

„Ég gerði hávísindalega rannsókn um daginn þegar ég lét 24 konur taka mjólkurþistil kvölds



Tobba Marinós segist hissa á að hafa ekki heyrt af töfrum mjólkurþistils fyrr.

MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

og morgna í skemmtiferð, til að koma í veg fyrir lágskýjun daginn eftir að skálað var. Þær komu allar órispaðar úr þeirri ferð,“ segir Tobba og hlær.

Náttúrulegt bætiefni
Sylimarín, virka efnið í mjólkurþistli er talið hafa góð áhrif á lifur og nýru. Efni úr Mjólkurþistli eru talin hjálpa lifrinni við myndun nýrra lifrarfruma og vera þannig náttúruleg hreinsun fyrir lifrina. Þá hefur plantan andoxunarvirkni og er þekkt fyrir að hjálpa við að

losa óæskileg efni úr líkamanum til dæmis eftir áfengisneyslu. Mjólkurþistillinn frá ICEHERBS inniheldur líka íslensk fjallagrös sem eru þekkt sem ginseng Íslands og ekki að ástæðulausu. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem taldar eru geta hjálpað til við þyngdartap, að bæta meltingu og styrkja þarmana. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járn og kalsíum, og bera í sér fléttuefni sem talið er að hindri óæskilegar bakteríur. Fjallagrös eru einnig talin hjálpa til við að draga úr bjúg.

Bætiefnin frá ICEHERBS eru hrein og náttúruleg. Lögð er áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar innihaldsefnaanna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni. ■



Leggur grunn að betri heilsu ungmenna

Doktorsrannsókn Örne Garðarsdóttur gengur út á þróun og innleiðingu skimunartækisins HEILUNG í skólahjúkrun í framhaldsskólum.

starri@frettabladid.is

Nýlega fékk doktorsrannsókn sem miðar að því að meta og bæta heilbrigði ungmenna í framhaldsskólum með nýju skimunartæki styrk úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur við Háskóla Íslands. Styrkhafi er Arna Garðarsdóttir sem er doktorsnemi við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild við Háskóla Íslands og er aðalleiðbeinandi hennar Sóley S. Bender prófessor. Rannsóknin gengur út á þróun og innleiðingu skimunartækisins HEILUNG í skólahjúkrun í framhaldsskólum. Núna er í gangi seinasti liður rannsóknarinnar þar sem notast er við þátttökurannsókn við innleiðingu HEILUNG í starf skólahjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum. Þátttökurannsóknin felur í sér að hjúkrunarfræðingarnir sem taka þátt noti skimunartækið í starfi sínu með nemendum og í lok rannsóknarinnar verður til handbók og verklag sem skólahjúkrunarfræðingar í framhaldsskólum geta nýtt sér.

Mikill umbreytingartími
Hugmyndin að rannsókninni kviknaði þegar Arna var í verknámi á heilsugæslu í hjúkrunarnámi sínu. Þá fékk hún það verkefni að sinna forvarnarfræðslu í 9. bekk í grunnskóla. „Þar vaknaði þessi ótrúlegi áhugi á þessum umbreytingartíma sem unglingsárin eru. Ég



„Þetta er stutt en yfirgripsmikið skimunartæki þar sem áherslan er á að finna þá þætti sem þarf að vinna með unglíngnum að,“ segir Arna Garðarsdóttir, doktorsnemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

hef haft mikinn áhuga á verndandi þáttum og hvernig við sem hjúkrunarfræðingar getum eflt þá til að aðstoða unglínga við að komast á farsælan hátt í gegnum unglingsárin.“ Þegar Arna hóf meistaranám við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands vildi hún skoða verndandi þætti og seiglu unglínga í framhaldsskólum og áhrif skólahjúkrunarfræðings þar á. „Eftir að hafa skoðað þau skimunartæki sem voru til komumst ég og aðalleiðbeinandi minn að því að ekkert skimunartæki skoðaði bæði verndandi þætti og áhættuþætti/áhættuhegðun

hjá unglíngum. Þannig vaknaði hugmyndin að þróun skimunartækisins HEILUNG.“ **Vernandi þættir eflir**
Nafn skimunartækisins má rekja til HEILbrigði UNGs fólk og er það sérstaklega þróað með starf skólahjúkrunarfræðings í framhaldsskóla í huga. „Í meistaraverkefninu mínu forþróaði ég HEILUNG og því fannst mér kjörið að fara í doktorsnám og halda áfram að þróa HEILUNG og að innleiða það í skólahjúkrun í framhaldsskólum.“ Sérstada HEILUNGs er að tækid aðstoðar hjúkrunarfræðinga í

framhaldsskólum að meta heilsu unglínga með sérstöku tilliti til verndandi þátta, áhættuþátta og áhættuhegðunar segir Arna. „Þetta er stutt en yfirgripsmikið skimunartæki þar sem áherslan er á að finna þá þætti sem þarf að vinna með unglíngnum að. Með aðstoð HEILUNG getur skólahjúkrunarfræðingurinn eflt verndandi þætti á sama tíma og unnið er með þá áhættuþætti sem eru til staðar.“ **Einstaklingsmiðuð fræðsla**
Það er von Örne að með rannsókninni sé hægt að tryggja gott verklag við skólahjúkrun í framhaldsskól-

Unglingar í framhaldsskólum standa frammi fyrir allskonar breytingum, til dæmis hvað varðar sjálfsmynd, kynhegðun, lífsstíl, sálræna liðan og margt fleira.

um sem skiptir máli til framtíðar. „Ég tel mjög mikilvægt að unglíngar og ungt fólk í framhaldsskólum hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu í skólanum. Unglingar í framhaldsskólum standa frammi fyrir allskonar breytingum, til dæmis hvað varðar sjálfsmynd, kynhegðun, lífsstíl, sálræna liðan og margt fleira. Jafnframt er áhættuhegðun meðal þeirra meiri en á grunnskólastigi. Unglingar þurfa einstaklingsmiðaða fræðslu og ráðgjöf varðandi heilbrigði og liðan og með því að veita slíkt á skólatíma er betur hægt að hafa áhrif á heilsu þeirra og lífsstíl til frambúðar.“ Hún segir aðkomu Háskóla Íslands að rannsóknum sem þessum skipta miklu máli. „Það skiptir miklu máli að HÍ taki þátt í rannsóknum sem hafa með heilsu landsmanna að gera. Þarna tengjast tveir heimar, sá akademíski og raunheimurinn sem við búum í. Með því að taka bestu þekkingu á hverjum tíma og nýta okkur hana á vettvangi erum við að tryggja góða og öfluga þjónustu til þeirra sem þurfa á henni að halda. Jafnframt er verið að leggja enn betri grunn að heilsu ungmenna til framtíðar.“ ■

Auglýsing um skipulagsmál
í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Deiliskipulagsbreyting – Larsenstræti á Selfossi
- Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023, tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Larsenstræti Selfossi. Lögð var fram tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustulóða í Larsenstræti. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðir nr. 4, 6, 8, 10, 12 og 14 verði sameinaðar í eina lóð (Larsenstræti 6), og að nýtingarhlutfall sameinaðrar lóðar verði 0,33. Aðkoma að lóðunum verður sem fyrr frá Larsenstræti en einnig yrði gert ráð fyrir aðgangsstýrðri aðkomu að sameinaðri lóð frá Gaulverjabæjarvegi. Sú tenging er einungis hugsuð fyrir þungaflutninga og stórar flutningabifreiðar og ekki ætluð almennri umferð minni bíla.
2. Deiliskipulagsbreyting – Árbakki íbúðarbyggð á Selfossi
- Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023, tillögu að deiliskipulagsbreytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Árbakka, í Árborg. Gildandi deiliskipulag er frá árinu 2007 og breytt 2008. Í gildi er hluti deiliskipulagsins, Árbakki í land Laugardæla sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar 24. maí 2007. Meginhluta ofangreinds deiliskipulags var breytt með deiliskipulaginu Laugardælir, Árborg samþykktu í bæjarstjórn Árborgar 24. júní 2008. Gert er ráð fyrir að nýtt deiliskipulag taki yfir báðar þessar eldri deiliskipulagsáætlanir, og muni þær falla úr gildi. Svæðið sem um ræðir liggur norðvestan byggðar á Selfossi, meðfram Ölfusá. Svæðið markast af Ölfusá til vesturs, atvinnuhúsa og íbúðabyggð til suðurs, útivistarsvæði og fyrirhuguðu vegstæði fyrir þjóðveg til norðausturs. Aðkomur að svæðinu er frá Árvegi, að vestanverðu og frá Laugardælavegi að austanverðu. Tillaga að breyttu deiliskipulagi er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Árborgar 2020-2036. Deiliskipulagssvæðið tekur til um 20ha svæðis. Í tillögu að breytingu er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum, sem er fjölgun upp á 263 íbúðir frá gildandi deiliskipulagi. Þær skiptast í grófum dráttum þannig að tæplega 20% íbúðanna verða í sérbýli, og rúmlega 80% íbúðanna verða í fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð með almennum íbúðum, þ.e. íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir leikskóla.

Niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar vegna, Deiliskipulags - Heiðarbrún 6.
Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna athugasemdar.
Bæjarstjórn bókaði á fundi sínum dags. 18.1.2023 eftirfarandi:
Tillaga frá 15. fundi skipulags- og byggingarnefndar, frá 16. janúar. liður 2. Deiliskipulag - Heiðarbrún 6 Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi að lokinni auglýsingu. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðin Heiðarbrún 6, á Stokkseyri, sem er 853m2 að stærð verði parhúsalóð (6-6b), og að heimilt verði að byggja parhús. Húsið verði á einni hæð með risi. Hámarksvegghæð allt að 3,0m og mænishæð allt að 5,0m. Nýtingarhlutfall allt að 0,2. Bæjarstjórn Árborgar samþykkti tillöguna til auglýsingar 23.11.2022, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá 30.11.2022 með athugasemdafresti til 11. 1.2023, og var birt í Fréttablaðinu, dagskránni og Lögbirtingarblaði, auk þessa að vera aðgengilega á vef heimasíðu Árborgar. Borist hefur ein athugasemd, frá eigendum húseignarinnar Heiðarbrún 8. Mótmæli snúa að því, að gert sé ráð fyrir parhúsi á lóðinni í stað einbýlishúss. Skipulags- og byggingarnefnd telur að parhús af þessari stærð á lóð muni sóma sér mjög vel og falli vel að nærliggjandi húsum og ennfremur skapi fjölbreytileika í byggðaformi. Gerð hefur verið skuggavarpsgreining, sem sýnir að eigendur húss við Heiðarbrún 8, verða fyrir óverulegri skerðingu vegna skuggavarps. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulagstillögu og mælist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna og feli skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar, og senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 42.gr skipulagslaga nr. 123/2010.
Bragi Bjarnason, D-lista tekur til máls. Lagt er til að bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna og feli skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar, og senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 42.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn tekur ekki undir þær athugasemdir sem fram hafa komið, og telur að parhús af þessari stærð á lóð muni sóma sér mjög vel og falli vel að nærliggjandi húsum og ennfremur skapi fjölbreytileika í byggðaformi. Gerð hefur verið skuggavarpsgreining, sem sýnir að að eigendur húss við Heiðarbrún 8, verða fyrir óverulegri skerðingu vegna skuggavarps. Tillagan samþykkt með 10 atkvæðum. Arnar Freyr Ólafsson, B-lista situr hjá.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögunar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögunar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 25. janúar til og með 8. mars 2023.
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 8. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærانleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Þjónusta

Málalarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Heilsa

Heilsuvörur



Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Framleiðsla á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga

Qair hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats framleiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is. Hún liggur einnig frammi í stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **27. febrúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.



Erum við
að leita **að þér?**



Æ, góði besti gáðu nú að þér



Dr. Ynda Eldborg
sýningarstýra og
listfræða



Viktoría
Guðnadóttir
myndlistarmann-
eskja og sýningar-
stýra

Í áramótatölublaði Fréttablaðsins 31.12. sl. birtist langhundur eftir Aðalstein Ingólfsson sem samanstendur af palladómum um myndlistarfólk og sýningar ársins 2022.

Aðalsteinn er talinn einn helsti höfundur þjóðarinnar þegar kemur að umfjöllun um myndlist síðustu áratuga og eru gáfur hans, þekking og innsæi af þeirri stærðargráðu að telja má til tíðinda þegar ný umfjöllun hans um myndlist birtist almenningi.

Sökum mikilvægis hans og afkasta á þessu sviði teljum við undirritaðar að núna sé rétti tíminn til þess að að koma með dæmi frá ferli hans sem varpa ljósi á listræna sýn hans varðandi myndlist kvenna og hinsegin fólks.

Við höfum kosið að hefja þessa

yfirferð árið 1985 þegar stóra kvennasýningin, Hér og nú: Lista-hátíð kvenna, var haldin á Kjarvals-stöðum. Þetta var í fyrsta sinn sem konur tóku sig saman og héldu stóra sýningu á verkum sínum á eigin forsendum þar sem reynsla þeirra og sögur voru í forgrunni. Um þessa tímamótasýningu hafði Aðalsteinn ýmislegt að segja. Hann kveðst t.d. ekki vita „til þess að myndlistar-konum hafi nokkurn tímann verið mismunað á grundvelli kynferðis síns ...“. Svo heldur hann áfram hugleiðingum sínum og kennir þjóð-félagsaðstæðum um að konur eigi erfiðara með að koma verkum sínum á framfæri en karlar. Hann, karlmaðurinn, kemur sér hins vegar hjá því að skilgreina þessar þjóðfélagsaðstæður enda hefði hann þá lent í ógöngum og þurft að viðurkenna að konur voru og eru hlekkjaðar við eldhúsvaskinn og neyddar til að bera rjómatertur á höfðinu til hátíða-brigða þegar stund gafst frá heimilis-þrældómi. Til að láta kné fylgja kviði talar hann niður til réttindabaráttu þeirra og telur það „marklaust hjál“ að konur séu ósýnilegar þegar kemur að kaupum á verkum þeirra í söfn, svo ekki sé minnst á styrkveitingar.

Næsti minnisvarðinn um sýn Aðalsteins er sýning Viktoríu Guðnadóttur Pride, í Gallerí Hlemmi árið 2002. Hérna gefur hann til kynna yfirgripsmikla þekkingu á stöðu samkynhneigðra en sleppir því að minnst á tvíkynhneigða og trans-fólk sem sannarlega voru orðin hluti af hinsegin menginu þetta árið. Hins



vegar, þegar kemur að umfjöllun þessa, að því er virðist, víðlesna gáfumanns um sýningu Viktoríu, er annað upp á teningnum. Þá eru verk Viktoríu ómöguleg. Það er augljóst að hann hvorki þekkir né skilur hinsegin fagurfræði fyrir utan regnbogafánann sem hann sá bregða fyrir í einu myndskeiði. Aðalsteinn reynir hvað hann getur til að búa til nýtt vídeóverk eftir sínu höfði sem hentar hans sýn á hinseginleikann samkvæmt þeirri formúlu að cishet, gagnkynhneigður karl, viti meira um hinseginleika en hinsegin fólk, en það er afar algengt. Má því segja að hann hafi sjálfur misst af póstmód-ernísku lestinni sem hann talar svo fjálglega um í upphafi greinar sinnar. Hann gerir sér heldur ekki grein fyrir því að þarna er hinsegin listamann-eskja að vinna með hinsegin fagurfræði í opinberu galleríi, en fram að þeim tíma hafði list hinsegin fólks

verið einangruð á sýningum í húsa-kynnum Samtakanna '78. Ekki er heldur vitað til þess að Aðalsteinn hafi fjallað um þær sýningar sem þar voru haldnar með reglulegu millibili frá 1985-2020 og var Viktoría þó ein af þeim sem þar sýndu. Mikið brautryðjendastarf.

Þegar að sýningunni Til sýnis: Hinsegin umfram aðra, sem haldin var í Nýlistasafninu 8. október til 20. nóvember 2022 er Aðalsteinn ekki enn búinn að finna lestirnar sem hann missti af frá 1985-2002. Merki um viðsýni og skilning á stöðu minnihlutahóps sjást ekki í dónalegri umfjöllun um sýninguna, heldur er einungis á ferðinni þröng-sýnn, skilningssljór cishet karl sem hefur allt á hornum sér og geltir að hinsegin fólk og myndlist þess eins og óþveginn götustrákur og telur sýninguna merki um „fáfræði og fáfengilegheit“. Auk þess setur hann

í tilvitnanamerki orðin „hinsegin listafólk“ eins og þau eigi sér engan tilverurétt. Svona mikið liggur karlmanninum Aðalsteini Ingólfssyni á að opinbera hinsegin fóbisma sinn og fer að tala í anda úreltrar tvíhyggju til að koma orðinu „stakket“ að í skeyti sínu.

Nú er það bara þannig, herra Aðalsteinn Ingólfsson, að hvorki sýningarstýrurnar né listafólkið sem notuðu verk Iannone og Rósku sem innblástur að nýjum verkum gefa til kynna það sem þú þorir ekki að nefna en reynir að fela á bak við stakketið þitt. Þetta sýnir svo skýrt að þú hefur ekki á nokkurn hátt lagt þig fram við að kynna þér innihald sýningarinnar.

Með palladómi sínum er Aðalsteinn ekki bara að litilsvirða Dorot-hy Iannone og Rósku, heldur líka listafólkið sem lagði á sig ómælda vinnu við að gera ný verk sem byggð eru á verkum varðveittum í Nýlistasafninu. Einnig ræðst hann af fólksu á það brautryðjendastarf sem Nýlistasafnið hefur unnið með því að fá hinsegin sýningarstýrur og listafólk til að hinsega safneignina. Þetta er skref sem Nýlistasafnið, eitt listasafna á Íslandi, hefur haft kjark til að stíga.

Af þessum dæmum má glöggst sjá hvernig hvítur gagnkynhneigður karlmaður í valdastöðu fer fram af litilsvirðingu gagnvart konum og hinsegin fólk í íslenskum listheim-um t.d. þegar hann notar orð eins og „fáfræði og fáfengilegheit“ ásamt „marklaust hjál“ um verk þeirra. ■



Brookliyn borðstofuborð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik - hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**



Sturn 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



50%

Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NÝFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Fjölskylduklefi og sund fyrir öll

Mars M. Proppé
Elias Rúni
Alex Diljar Birkisbur Hellsing
Sólveig Ástudóttir Daðadóttir
Sindri Freyr Bjarnason
Sigur Huldar Ellerup Geirs

Kæra Sundhöll, ÍTR og stjórnendur. Ég mála ykkur mynd: Það er sólarlag að vetrarkvöldi, létt snjófall og fólk flykkist að sundlaugum landsins fyrir félagsskap og hlýju. Í sundlaugunum má finna nær fullkominn þverskurð af samfélaginu. Þar situr fullorðna fólkið í pottinum og ræðir málefni líðandi stundar. Í innilauginni leika sér leikskólabörn og ungir foreldrar. Í kalda pottinum situr íþróttagarpurinn og í gufunni á fundur eldri borgara sér stað. Í djúpu lauginni synda unglingar á sundæfingu, hvattir áfram af þjálfara. Yngri systkini þeirra hlaupa í litlum hópum upp stigann í rennibrautina og trufla mikilvægar samræður nýstúdentanna í grunna pottinum með hlátrasköllum sínum.

Þetta er nær fullkominn þverskurður eins og sjá má, en þó eru örfáir hópar sem ekki komast með í þessa ímynduðu sundferð, en það eru þau sem ekki geta nýtt sér þá búningaðstöðu sem sundlaugin býður upp á. Í þann hóp falla m.a. foreldrar með börn á fyrstu árum grunnskóla, eins og kom upp í samfélagsumræðunni nú fyrir nokkrum mánuðum. Samkvæmt reglugerðum mega þau nefnilega ekki fara með foreldrum sínum í klefa séu þau af mismunandi kynjum, heldur eiga þau að sækja klefa sem samsamar kyni þeirra sjálfra, ein síns liðs, sem þau þora ekki endilega. Einnig falla í þann hóp öll þau sem ekki falla fullkomlega að kynjatvihyggjunni, svo sem intersex, trans og kynsegin fólk. Þrátt fyrir að flestar sundlaugar séu nú komnar með sérklefa þá er oft erfitt að nálgast þá. Einungis einn til tveir klefar eru til staðar í hverri laug (nema Laugardalslaug) sem þýðir að ef t.d. eldri manna-klúbburinn (átta manneskjur) úr



gufunni þyrfti allur að komast upp úr í gegnum sérklefana tvo tæki það í það minnsta klukkutíma, þar sem aðeins er rými fyrir eina manneskju í einu í hverjum klefa (á flestum stöðum). Þetta þýðir að ef hópur ungmenna sem væru öll kynsegin ætlaði í sund saman þá væri það hægara sagt en gert, og í raun ekki hægt með góðu móti nema einhver þeirra færu í klefa sem ekki eru ætlaðir þeim.

Það er ekki auðveld lausn til á þessu máli í flestum sundlaugum vegna þess hvernig húsakostur þeirra hefur verið byggður upp í kringum tvo jafn stóra hópa, karla og konur, og hannaður í kringum þarfir þeirra. Það er hins vegar ein sundlaug sem sker sig úr, en það er Sundhöll Reykjavíkur. Þar eru 2 sérklefar og 5 stærri klefar: tveir úti (einn karla og einn kvenna) og þrír inni: einn karla (sá eldri) og tveir kvenna, (sá eldri sem er nýuppgerður og sá nýi sem var byggður á sama tíma og nýja útilaugin.) Því liggur beint við að í Sundhöllinni verði einn þessara kvennaklefa gerður að fjölskylduklefa. Slíkur klefi gæti því nýst fjölbreyttum hópi fólks, eða í raun bara öllum

þeim sem vilja, hvort sem það eru barnafjölskyldur sem gætu þá hjálpast að með börnin, vinahópar hinsegin ungmenna, já, eða bara eldri mannagengið úr gufunni. Enn væri þó hægt að nýta sér kynjuðu klefana tvo, bæði inni og úti, fyrir þau sem finna sig betur í því skipulagi. Jú, og þau sem þyrftu á aðbúnaði sérklefanna að halda hefðu þá greiðari aðgang að honum. Því væri þessi skipulagsbreyting einungis til þess að gera laugina aðgengilegri stærri hóp fólks. Þessi skipulagsbreyting gæti einnig verið góð til þess að sýna fram á þörfina á slíkum fjölskylduklefum, en þá væri hægt að sjá hvort vert væri að leggja í framkvæmdir í öðrum sundlaugum í svipuðum stíl eða hvort sérklefarnir sem til eru dugi til þess að mæta fjölbreyttum þörfum allra þeirra sem ekki geta nýtt sér hina hefðbundnu kynjuðu klefa.

Undir þessa beiðni skrifa hér með ofantaldir aðilar og hvetjum við öll þau sem list vel á hugmyndina til skrifa undir skjal sem er á vefnum change.org svo stjórnendur ÍTR geti séð að þennan klefakost myndu mörg kjósa að nýta sér. ■



Norðurlönd þurfa rannsóknasjóð vegna viðbúnaðarmála



Arne Flåøyen
forstjóri
NordForsk

Við lifum á tímum sem einkennast af krísum. Fyrir skemmstu gengum við í gegnum heimsfaraldur. Áhrifa af hlýnun jarðar gætir í æ meiri mæli. Tegundir hverfa á methraða. Í Evrópu geisar á ný stríð á milli þjóða og þörfin á meiri, og endurnýjanlegri, orku er aðkallandi. Fólk er á flótta frá suðri til norðurs og íbúar okkar búa við aukna verðbólgu og erfiðari fjárhag. Trúin á lýðræðið sem stjórnarform á undir högg að sækja, einnig í samfélögum sem byggð eru á trausti, svo sem hin norrænu. Hvernig eigum við að takast á við allar þessar krísur?

Á Norðurlöndum eru stjórnsmál og samfélagsþróun byggð á þekkingu, og helst þekkingu sem byggð er á rannsóknum. Norrænu löndin eru lítil og hafa hvorki efnahagslega burði né getu til að uppfylla rannsóknarþörfina hvert um sig – en saman getum við áorkað miklu. Til þess að auka getu okkar til að stunda rannsóknir á sviði viðbúnaðarmála ættu norrænu löndin að vinna saman að því að koma á fót og fjármagna rannsóknasjóð sem fjármagnar norræn rannsóknarverkefni á sviði öryggis- og viðbúnaðarmála. Stofnun sjóðs vegna rannsókna á sviði viðbúnaðarmála er eðlilegt skref í þróun þess samstarfs á sviði öryggis- og viðbúnaðarmála sem nú þegar er fyrir hendi á Norðurlöndum.

Kveðið er á um opinbert samstarf norrænu landanna í Helsingforssamningnum frá árinu 1962. Hingað til hafa öryggis- og varnarmál verið utan við hið opinbera samstarf innan Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, þótt samstarfið á þessu sviði sé nú þegar mikið. Með innrás Rússlands í Úkraínu og umsóknum Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Atlants-hafsbandalaginu hefur tónninn í umræðum um norrænt samstarf á sviði varnar- og öryggismála breyst. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvað fyrir skömmu að meta þörfina á endurskoðun Helsingfors-

samningsins svo hann endurspegladi betur veruleika dagsins í dag og þau úrlausnarefni sem Norðurlönd standa frammi fyrir. Í raun þýðir það að til skoðunar sé að fella samstarf í varnar- og öryggismálum inn í Helsingforssamninginn.

Þegar árið 2009 samþykktu ráðherrar frá norrænu löndunum Haga-yfirlýsinguna sem færir norrænt samstarf á sviði öryggis- og viðbúnaðarmála í formlegan farveg. Með Haga II-yfirlýsingunni frá 2013 var samstarfið aukið enn frekar. Markmið samstarfsins er Norðurlönd án landamæra þar sem stöðugleiki ríkir, ásamt öflugra samstarfi til að koma í veg fyrir, takast á við, komast í gegnum og læra af slysum og krísum.

Í tengslum við Hagasamstarfið setti NordForsk á fót verkefni í kringum rannsóknir á samfélagslegu öryggi árið 2013. NordForsk úthlutar rannsóknarstyrkjum á völdum sviðum sem tengjast öryggi í samvinnu við fjármögnunaraðila rannsókna í löndunum. Á þeim tíu árum sem verkefnið hefur verið starfrækt hefur NordForsk úthlutað styrkjum sex sinnum og fjármagnað 21 rannsóknarverkefni um samtals 225 milljónir norskra króna.

Það er krefjandi og tímafrekt verk að fá fjármögnunaraðila allra norrænu landanna til að sammælast um hvaða verkefni beri að styrkja. Stundum hefur reynt erfitt að úthluta fé með skjóttum hætti frá fjármögnunaraðilum í löndunum til norrænna rannsókna á sviði viðbúnaðarmála.

Með stofnun sjóðs vegna rannsókna á sviði viðbúnaðarmála á Norðurlöndum yrði auðveldara að bregðast hratt við þegar krísur koma upp og í öðrum tilvikum þegar þarf að afla þekkingar sem byggist á rannsóknum á mikilvægum sviðum samfélagsins með skjóttum hætti svo taka megir ákvarðanir á eins traustum grunni og hægt er. Þegar slíkur sjóður hefur verið stofnaður mun ekki þurfa tíma- og mannfrek ferli í gegnum rannsóknarráð landanna til þess að stunda mikilvægar rannsóknir á sviði viðbúnaðarmála á Norðurlöndum. Jafnframt yrði sjóðurinn mikilvægt skref í þá átt að uppfylla framtíðarsýn forsætisráðherranna frá 2019 um að Norðurlöndin eiga að verða sjálfbærasta og samþætta svæði í heimi árið 2030. ■

Umhverfisvæn endurvinnsla á tækjum í endurvinnslu

Nú hafa **Verslunartækni og Geiri ehf.** ásamt **Hringrás** hafið samstarf á endurvinnslu á ónýtum tækjum úr atvinnueldhúsum og kælitækjum, Þú kemur einfaldlega með tækið til okkar að Draghálsi 26 og við komum þeim til Hringrás til endurvinnslu

Sýningarsalur
Draghálsi 4 - S: 535 1300
verslun@verslun.is

VILDARKORT LINDAR:

30%

AFSLÁTTUR



HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:



DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Jón og Gunna eru ungt par sem keypti sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnadist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu í búðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
687.368 kr.

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Í hana vantaði öll ljós, parket og gardínur og sófinn sem hún átti var of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið**, sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu spöruðu hún sér:
458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnadist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Betra bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
1.442.500 kr.

Markaðsaðstæður á fasteignamarkaði í dag eru óvenjulegar

Það hafa aldrei verið færri eignir til sölu, sérstaklega þar sem fólk finnur ekki réttu eignina áður en það setur sína eigin á sölu. Það eru nokkrar leiðir færar til að leysa þessi mál sem við getum kynnt fyrir þér.

➤ Settu heimilið þitt á sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili handa þér áður en þú selur.

Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat ásamt lýsingu á eigninni. Jafnframt mætum við með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur setjum við allt á fullt og hjálpum þér við kaupin á nýju heimili.

➤ Ef við finnum ekki nýtt heimili, né seljum það gamla, tökum við enga þóknun fyrir.

Skráðu eignina eða fáðu tilboð í þjónustu og lausnir á www.fastlind.is



Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratuga reynslu á öllum aldri, allt **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynjahlutfall tryggir það að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum.
Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum.
Flügger: 30% afsláttur af allri innimálningu.
S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.
Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum..
Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

MERKISATBURÐIR

1533 Hinrik 8. giftist Önnu Boleyn.

1924 Fyrstu vetrarólympíuleikar sögunnar eru settir í Chamonix í Frakklandi.

1937 Framhaldspátturinn Leiðarljós hefur göngu sína í útvarpi í Bandaríkjunum.

1980 Kvikmyndin Land og synir er frumsýnd á Íslandi.

1990 Skógrækt ríkisins er flutt til Egilsstaða, fyrsta ríkisstofnunin sem er flutt út á land.

1995 Norðmenn senda upp tilraunaeldflaug til að rannsaka norðurljósinn með þeim afleiðingum að varnarkefri Rússlands fer í gang og varar við kjarnorkuárás.

2004 Opportunity (MER-B) lendir á Mars.

2011 Hæstiréttur Íslands ógildir kosningar til stjórnlagabings á Íslandi 2010 vegna galla á framkvæmd þeirra.



Land og synir var fyrsta kvikmynd Ágústs Guðmundssonar í fullri lengd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Markar upphaf samfelldrar kvikmyndagerðar á Íslandi

ragnarjon@frettabladid.is

Kvikmyndin Land og synir í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar var frumsýnd þann 25. janúar 1980. Kvikmyndin er jafnan talin marka upphaf samfelldrar kvikmyndagerðar á Íslandi og var ein af þeim fyrstu sem hlutu framleiðslustyrk frá Kvikmyndasjóði Íslands.

„Það voru þrjú kvikmyndaverkefni sem fengu framleiðslustyrk þetta ár. En fyrir utan þetta voru það Veiðiferðin í leikstjórn Andrésar Indriðasonar og svo Óðal feðranna í leikstjórn Hrafn Gunnlaugssonar. Land og synir er gjarnan nefnd fyrst vegna þess að við vorum fyrstir til þess að frumsýna,“ segir Ágúst en þetta var fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Hann hafði þá áður starfað í sjónvarpi og lokið námi í leikstjórn í Bretlandi.

Fékk Indriða til að leika prest

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar en áður hafði bók Indriða, 79 af stöðinni, einnig verið breytt í kvikmynd.

„Ég hafði tekið þátt í sjónvarpsþætti, ætli það hafi ekki verið í kringum 1978, þar sem talað var um framtíð íslenskrar kvikmyndagerðar en þar hitti ég Indriða í fyrsta sinn. Í kaffinu á eftir hafði ég á orði að mér þætti þessi saga henta vel til kvikmyndagerðar,“ segir Ágúst en hann skrifaði handritið að myndinni sjálfur.

„Indriði kom ekkert nálægt því og vildi ekki koma nálægt því nema að einu leytinu,“ segir Ágúst sem fékk Indriða til þess að fara með hlutverk í myndinni. „Hann lék prest sem flutti líkræðu í kirkjunni á Tjörn. Ég var búinn að skrifa eitthvað sem byggðist á náttúru lýsingum í bókinni en hann tók sig til og



Ágúst ásamt forsetahjónunum Halldóru Eldjárn og Kristjáni Eldjárn á frumsýningu myndarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JA

skrifaði sína líkræðu sjálfur,“ segir Ágúst en persóna prestsins kom ekki fyrir í bók Indriða.

Mjólkurbillinn sem sveik

Þegar Ágúst horfir til baka segir hann að honum þyki kvikmyndin hafa heppnast vel. „Ég held að ég hafi verið mjög ánægður sjálfur. Þetta var stór stund í lífi mínu þegar ég kom heim með myndina í handfarangri frá London,“ segir hann en kvikmyndin var klippt hér á landi en klára þurfti eftirvinnslu hennar í Bretlandi.

Ágúst segir margt minnisstætt við gerð myndarinnar en það sem kemur

fyrst upp í hugann sé atvik tengt byrjun myndarinnar.

„Við höfðum beðið eftir góðu veðri allan tökutímann til að taka upphafsatriðið. Svo kom loksins gott veður en atriðið átti að vera mjólkurbill að fara yfir brúna við Dalvík. En þetta átti að ríma við það að rúta fer yfir brúna í hina áttina. Við fórum þarna á fætur klukkan fimm um morguninn þennan eina sólskinsdag sem okkur gafst og þá fór mjólkurbillinn ekki í gang. En þetta var í eina skiptið sem mjólkurbillinn brást okkur,“ segir Ágúst en billinn fannst í hlöðu á Espihóli í Eyjafirði og hafði staðið þar óhreyfður um árabil. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hrönn Jóhannesdóttir
Hamraborg 18, Kópavogi,



Lést á hjúkrunarheimilinu Mobergi þriðjudaginn 17. janúar. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. janúar klukkan 14.00.

Arndís Baldursdóttir
Sólborg Baldursdóttir **Karl Grant**
barnabörn og barnabarnabörn



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur Haukur Árnason
Skúlagötu 20,

Lést á Landakotsspítala 15. janúar sl. Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju í Grafarholti fimmtudaginn 26. janúar kl. 13.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Jósefina Ólafsdóttir
Árni Ólafsson
Björg Hilmarsdóttir
Eva Þyri Hilmarsdóttir
Gunnar Hilmarsson
Sigurveig Árnadóttir
Ólafur Haukur Árnason

Hilmar Finnsson
Þorgerður Sigurðardóttir
Kristinn Geir Friðriksson
Ágúst Ólafsson
Anna Hulda Ólafsdóttir
Róbert Kárasen

og langafabörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Eiríkur Eiríksson
vélstjóri,

Lést þann 11. janúar sl. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Katrín Möller Eiríksdóttir
Jakob Veje Eiríksson
Asger Veje Jakobsson

Signe Veje Odgaard
Anker Veje Jakobsson



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Vilborg Pétursdóttir
Lækjarkinn 16, Hafnarfirði,

Lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 19. janúar 2023. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 30. janúar 2023 kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs fyrir góða umönnun, umhyggju og alúð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélag.

Guðrún Guðnadóttir
Steinunn Guðnadóttir
Bergdís Guðnadóttir
Pétur Vilberg Guðnason

Gunnar Bjartmarsson
Hafsteinn Þórðarson
Inga Valgerður Kristinsdóttir
barnabörn og fjölskyldur



Elsku móðir okkar
Pálína Rósinkranz
Theodórsdóttir

Lést á líknardeildinni 20. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá bænhúsi Fossvogskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 10. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir hlýju og kærleika í garð móður okkar.

Petra Signý Sævarsdóttir
Aníta Hanna Sævarsdóttir
Jacob Zebulon Eilertson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðbjörg Margrét
Guðlaugsdóttir
frá Bolungarvík,
Háalandi 4, Akureyri,

andaðist á Landspítala föstudaginn 20. janúar.

Kristín Björg Ólafsdóttir
Guðlaugur Helgi Árnason
Ingibjörg Sveinsdóttir
Ingvaldur Jónsdóttir

Sveinn Eyþórsson
Areerat Khongprakhon
Gísli Skarphéðinsson
Georg Þorvaldsson
barnabörn og barnabarnabörn

DARÍA

Allt að **50%** afsláttur



Allt að **40%** afsláttur

Beauty Salon
Snyrtistofa



Mini Mi

Allt að **50%** afsláttur



Allt að **40%** afsláttur



Skóhöllin
- skór & töskur -

**ÚTSALA Í
FULLUM
GANGI**

FJÖRÐUR
Í hjarta Hafnarfjarðar

Allt að **40%** afsláttur

KONA



Allt að **70%** afsláttur



MILLY

Allt að **70%** afsláttur

The Mistress



Leikfangaland.is

Allt að **50%** afsláttur



SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðsins.
19.30 Útkall (e) Sjónvarpsút-gáfan af sívinsælum og samnefndum bóka-flokki Öttars Sveinssonar.
20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðsins.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós (e)
14.00 Útsvar 2016-2017 (Fjarða-byggð - Reykjavík)
15.05 Söngvaskáld
15.55 Okkar á milli
16.20 Út og suður
16.50 HM karla í handbolta Bein útsending frá leik Noregs og Spánar í 8-liða úrslitum á HM karla í handbolta.
18.35 Viltir leikfélagar
18.45 Lag dagsins
18.52 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Ný veröld - kjarnafjölskylda leggur allt undir
21.00 Kafbáturinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Einstein og Hawking - Könnuðir alheimsins Seinni hluti heimildarmyndar um vís-indamennina Albert Einstein og Stephen Hawking sem almennt eru taldir í hópi helstu hugsuða mannkyns-sögunnar. Byltingarkenndar hugmyndir þeirra hafa breytt sýn okkar og skilningi á alheiminum.
23.15 Parkinson - kraftaverka-meðferð? Fyrri hluti heimildarmyndar frá BBC. 42 einstaklingar tóku þátt í byltingarkenndri tilraun á lyfinu GDNF sem vonir stóðu til að gæti haldið aftur af parkinsonsveiki. Fylgst er með framvindu tilraunarinnar á sex ára tímabili og árangurinn skoðaður.
00.05 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Tónlist
13.00 Dr. Phil
13.56 The Late Late Show
14.21 The Block
15.12 Þær Þættir sem fjalla um fimm íslenskum konur sem eiga það sameiginlegt að standa framarlega á sínu sviði. Þær miðla reynslu sinni, tala um lífið, fjölskylduna, jafnrétti og fleira til.
16.55 Survivor
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Block
20.10 George Clarke's Flipping Fast
21.00 New Amsterdam
21.50 Women of the Movement
22.40 Good Trouble
23.25 The Late Late Show
00.10 NCIS
00.55 NCIS: Los Angeles
01.35 The Resident
02.20 NCIS: Hawaii
03.05 Walker
03.50 Tónlist

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Grand Designs
09.05 Bold and the Beautiful
09.30 Race across the World
10.30 The Cabins
11.15 Um land allt
11.50 Skreytum hús
12.05 Lóa Pind: Snapparar
12.35 The Carrie Diaries
13.20 Gulli byggir
13.55 The dog House
14.40 Call Me Kat
15.05 Fávitar
15.20 Temptation Island USA
16.05 The Heart Guy
16.50 Men in Kilts: A Roadtrip with Sam and Graham
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 The Carrie Diaries
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.20 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
20.00 Inside Detroit with Ben Fogle
21.05 Showtrial
22.05 Unforgettable
22.45 NCIS
23.30 Rutherford Falls
23.55 The Sandhamn Murders
01.25 Outlander
02.40 Anne Boleyn
03.55 Wentworth

Siglt norður í Hornbjargsvita

Einir vinsælustu sjónvarpsþættir í sögu Hringbrautar eru án efa Fjallaskálar Íslands. Alls hafa átján þættir verið gerðir þar sem flakkað er um óbyggðir Íslands – og slíkar eru viðtökurnar að áhorfendur vilja sjá þá aftur og aftur. Og núna er einmitt verið að endursýna eina þáttaröðina – og liggur í leiðin í kvöld með Strandaferðum norður í Látravík þar sem undur Hornbjargs og ná-grennis eru skoðuð. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 sigketill
5 gapa
6 tveir eins
8 þéttast
10 nóta
11 ónóg
12 harðneskjulegt
13 urgur
15 granaldin
17 stagl

LÓDRÉTT
1 neita
2 áfall
3 klastur
4 kk nafn
7 gaspra
9 mylja
12 úrgangur
14 þangað til
16 tvihljóði

LÁRÉTT: 1 askja, 5 flá, 6 gg, 8 þykkna, 10 as, 11 van, 12 hart, 13 kurr, 15 ananas, 17 staut.
LÓDRÉTT: 1 afbakka, 2 slýs, 3 kák, 4 ægnar, 7 gantast, 9 kvarna, 12 hrat, 14 uns, 16 au.

SUDOKU

1		6						3
3	2				1	5		
7		4	5	9				
		5	1		8	4		
2		1						7
6	3	8			2	1		
	9						6	
	6	7				8		
			6		4	2	9	

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7				5				
	2				3	7		9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lá-rétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvi-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI

Finnur þú
PLAY á flugi í
Fréttablaðinu?



Skannaðu mig

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar.

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

- 1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.
- 2) Segja okkur á hvaða blaðsiðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á

www.frettabladid.is/lifid/playleikur





Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI

Opið alla daga

9-22

HÆÐASMÁRA

Opið alla daga

10-23

SUÐURFELLI

Opið virka daga

8.30-20

Opið laugardaga

11-17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja

Flugbeitt og fyndið sálfræðidrama

Ex er annað verkið í Mayen-burg-þríleiknum í Þjóðleik-húsinu. Gísli Örn Garðarsson fer með hlutverk fjölskyldu-föður í því og leikur á móti Nínu Dögg Filippusdóttur og Kristínu Þóru Haraldsdóttur.

tsh@frettabladid.is

Gísli Örn Garðarsson leikur eitt aðalhlutverkið í Ex, öðru leikritinu í Þríleik Mariusar von Mayenburg, sem Benedict Andrews leikstýrir og frumsýnt er í Þjóðleikhúsinu næsta laugardag. Ex er sálfræðidrama sem segir frá því þegar fyrrverandi kærasta bankar upp á hjá hjónunum Daníel og Sigrúnu seint um kvöld í von um gistingu.

„Við Nína Dögg leikum hjón og síðan biður fyrrverandi kærasta mín, sem er leikin af Kristínu Þóru, um að fá að gista, því hún er að skilja við kærastann sinn. Það eru aðstæður sem ég held að flestir, ef ekki allir, gætu sett sig inn í. Það er mikill undirliggjandi húmor í þessu og án þess að ég ætli eitthvað að fara að bera þetta saman við Ellen B. Þá hallar þetta verk kannski í grátbros-legri áttir, þar sem inn í blandast þessi skyndilega óreiða í hjónabandinu og innbyrðis átök þeirra sem í hlut eiga,“ segir Gísli Örn.

Ex var frumflutt hjá Ríksteatern í Svíþjóð 2021 en er núna sýnt sem annar hluti Mayenburg-þríleiksins og sjálfstætt framhald verksins Ellen B. sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu um jólin.

Þú ferð með hlutverk eiginmannsins Daniels, hvers konar karakter er hann?

„Hann er maður sem er í rútínu bæði í vinnunni og lífinu. Heimilis-haldið og hjónabandið er í föstum skorðum með tilheyrandi deyfð og búið að vera mjög lengi. Svo gerist þetta klassíska, fortíðin kemur og bankar upp á og þá fokkast mögulega allt upp.“

Mótleikarar og hjón

Gísli Örn og Nína Dögg leika hjón í verkinu en eins og flestir vita þá eru þau hjón í alvörunni. Gísli Örn segir að það hafi engin áhrif á heimilislífið að leika á móti hvort öðru.

„Maður er náttúrlega búinn að vera að svara þessari spurningu í bráðum þrjá áratugi. Stundum falla verkefnin þannig að við deilum



Gísli Örn segir það mjög gefandi að leika á móti Nínu Dögg og Kristínu Þóru enda séu þær báðar frábærar leikkonur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



skjánum eða sviðinu og stundum liða mörg ár á milli.

Við útskrifumst úr leiklistarskólanum ákveðinn hópur og svo búum við til Vesturport á meðan við erum enn þá í skólanum og við höfum unnið jafn náið með þeim öllum, eins og Birni Hlyni, Ólafi Darra, Ingvari eða Víkingi. Manni liður eins og maður hafi verið hluti af þessu teymi síðan, þó svo að leiðir okkar hafi legið í allar áttir.“

Gísli Örn bætir því við að honum

finnist mjög gefandi að leika á móti eiginkonu sinni þegar hann fær tækifæri til þess.

„Fyrir mér er það ekkert öðruvísi í sjálfu sér að vinna með Nínu – eða í raun hverjum sem er í bransanum. Þetta er litill heimur og það mæta allir í vinnuna afsömu fagmennsku óháð einkalífínu. Og eins og þeir vita sem hafa leikið á móti Nínu þá er mjög gefandi að leika á móti henni, hún er frábær leikkona, og það sama gildir um Kristínu Þóru,“ segir Gísli Örn.

Beint inn í kjarnann

Með hlutverk gömlu kærustunnar sem bankar upp á fer Kristín Þóra Haraldsdóttir sem lék einnig með Gísla Erni og Nínu Dögg í sjónvarpsþáttunum Verbúðinni sem fönguðu athygli þjóðarinnar fyrir sléttu ári.

„Það er mjög gaman að leika á móti tveimur konum sem maður hefur leikið mikið með og þekkir vel. Þá er maður mjög fljótt búinn að ýta einhverju frá sér og getur farið bara beint inn í kjarna málsins og beint inn í hjartað á skepnunni án þess að þurfa eitthvað að vera að átta sig á hvort öðru. En auðvitað



Fyrir mér er það ekkert öðruvísi í sjálfu sér að vinna með Nínu – eða í raun hverjum sem er í bransanum.

er ekkert hægt að alhæfa um neitt í þessu. Verkefnin eru alltaf svo ólík og fólkið líka, svo maður mætir bara opinn til leiks og segir helst bara já við öllum hugmyndum. Það er líklega kjarninn í þessu,“ segir Gísli Örn.

Gísli hefur unnið jöfnum höndum sem leikari og leikstjóri allt frá því hann útskrifaðist úr Leiklistar-

skóla Íslands 2001 og segir hann það alltaf skemmtilega áskorun að stíga á svið og einbeita sér að því að vera sviðsleikari.

„Ég hef náttúrlega ekki stigið á svið sem óbreyttur leikari í langan tíma. Þegar ég hef leikið á sviði, þá hefur það annað hvort verið eitthvað sem ég hef sett upp sjálfur eða haft áhrif á að setja upp. Ég held að þetta sé bara í fyrsta skiptið frá útskrift sem ég er ráðinn sem leikari sem hefur ekkert um neitt að segja. Þá vill maður náttúrlega gera það með svona frábærum einstaklingum eins og Nínu Dögg og Kristínu Þóru,“ segir hann.

Framhald af Verbúðinni

Höfundur Ex, Marius von Mayenburg, er Þjóðverji og eitt þekktasta leikskáld Evrópu um þessar mundir. Leikstjórnin, hinn ástralski Benedict Andrews, er einnig mjög virtur á alþjóðlegum vettvangi. Gísli kveðst hafa fylgst með verkum þeirra beggja en þetta er þó í fyrsta skipti sem hann fær tækifæri til að vinna með þeim.

„Maður hefur náttúrlega séð verk in hans Mariusar von Mayenburg frá því hann kom á sjónarsviðið. Svo með Benedict, hann er frá Ástralíu, og leiðir okkar hafa legið samsíða í mörg ár. Við vorum báðir listrænir meðstjórnendur hjá Young Vic leikhúsinu í London á sama tíma, en lentum alltaf einhvern veginn sitt á hvorum tímaáásum með uppsetningar. Þannig að við höfum vítað hvor af öðrum lengi en í raun aldrei hist almennilega, svo það var kominn tími til.

Ég var mjög til í þetta þegar Benedict bauð mér að vera með, enda er hann frábær listamaður og mjög gefandi leikstjóri,“ segir hann.

Hvað er svo næst á döfinni hjá þér, fá landsmenn að sjá framhald af Verbúðinni von bráðar?

„Næsti kafli Verbúðarinnar hefur verið í góðri gerjun hjá okkur, við erum búin að vera í mikilli heimildavinnu og erum að fara að setjast niður og klára að skrifa. Við erum mjög spennt yfir því.

Svo var ég að leikstýra tveimur þáttum í Exit, norsku sjónvarps-seríunni, sem eru að fara í loftið 1. mars. Það verður eitthvað, og svo verður vonandi meira um leikhúsverkefnin. Þar á jú hjartað alltaf sinn sess,“ segir Gísli Örn. ■

Innblásinn Ravel en síðri Haukur

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Verk eftir Mozart, Ravel og Hauk Tómasson

Einleikari: Claire Huangci
Stjórnandi: Eva Ollikainen
Eldborg í Hörpu fimmtudaginn 19. janúar

Jónas Sen

Ég var ekkert sérstaklega spenntur yfir komandi sinfóniutónleikum á fimmtudagskvöldið. Á dagskránni var meðal annars G-dúr pianókonsertinn eftir Ravel. Það er óttalega útjöskuð tónlist, líka hér á landi. Hvorki meira né minna en fimmtán píanistar hafa áður spreytt sig á konsertinum með Sinfóníunni í gegnum tíðina. Nú var komið að enn einum píanóleikaranum. Hvílík leiðindi!

En flutningurinn kom skemmtilega á óvart. Hin kínversk-bandaríska Claire Huangci, einleikari kvöldsins, rúllaði konsertinum upp. Hann lék í höndunum á henni, og alls konar heljarstökk og tónahlaup

upp og niður hljómborðið voru óaðfinnanlega af hendi leyst.

Það var þó ekki aðalmálið. Nei, túlkunin var fersk og safarík, svo spennuþrungin og áleitin að það var eins og maður væri að heyra konsertinn í fyrsta sinn. Laglínurnar voru fullar af tilfinningum, bæði silkimjúkar og snarpar, allt eftir því hvað við átti hverju sinni. Stígandin í flutningnum var krassandi og heildaráferðin dásamlega litrík. Þetta var frábært.

Hljómsveit með sitt á hreinu

Stjórnandinn á tónleikunum var Eva Ollikainen og hljómsveitin spilaði af kostgæfni með einleikaranum. Hljómsveitarrullan er töluvert krefjandi, og er ánægjulegt að geta þess að hljóðfæraleikararnir stóðu sig með stakri þrýði. Frammi-staða mál- og tréblásaranna var til dæmis addáunarverð.

Á tónleikunum var frumflutt Jörð mistur himinn eftir Hauk Tómasson. Verkið mun vera innblásið af myndlist Georgs Guðna. Myndir hans eru magnaðar og lýsandi á einhvern dularfullan hátt, en sama verður ekki sagt um tónlistina. Hún



Kinversk-bandaríski píanóleikarinn Claire Huangci lék einleik á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í síðustu viku.

MYND/ADSEND

var ekki sérlega áhugaverð. Rétt eins og málverk var í henni kyrrstaða sem hverfðist um einn tón megnið af tímanum. Ofan á hann var þrjónuð áferð sem virtist aðallega vera þrusk og skríjáf, ekki mjög lokkandi. Maður skynjaði enga dýpt, engan skálðaanda, ekkert flæði, ekkert sem virtist liggja tónskáldinu á hjarta. Fyrir vikið var

fátt ef nokkuð sem var hrífandi í tónlistinni.

Spennandi atburðarás


Annað á tónleikunum var hins vegar fint. Haffner-sinfónían eftir Mozart var skemmtileg í túlkun Ollikainen og hljómsveitarinnar. Laglínurnar voru notalega ávalar og hnitmiðaðar, atburðarásin í tónlist-

inni spennandi. Tæknilega séð var flutningurinn yfirleitt glæsilegur, og því rann flutningurinn þægilega niður.

Svíta nr. 2 úr ballettinum um Dafnis og Klói eftir Ravel var líka flott. Fyrsti kafli svíunnar, Dagrenning, var ákaflega tignarlegur. Í takti við yrkisefnið var tónlistin rismikil, það var eins og hún hæfi sig til flugs úr djúpinu. Innhverfur annar kaflinn var seiðandi og hugleiðslukenndur. Sá þriðji var ótrúlega fjörugur dans sem magnaðist upp í svo störfenglegan hápunkt að áheyrendur æptu af hrifningu.

Hljómsveitin var með allt á hreinu í þessari mergjuðu tónlist, hver einasti hljóðfærahópur skiladi sínu af fagmennsku og krafti. Heildarhljómurinn var þéttur og einbeittur, gæddur allskonar litbrigðum og snilldarlegum tilþrifum. Eva Ollikainen hélt um stjórnartaumana affestu og öryggi; enn einu sinni sýndi hún að hún er einn besti stjórnandi sem hljómsveitin hefur fengið til liðs við sig. ■

NIÐURSTAÐA: Skemmtilegir tónleikar að mestu.



BÍÓ bærinn

BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



KVIKMYNDIR.IS



HRINGBRAUT

Arnaldur kom með móralska orku í hasarinn

Vivian Ólafsdóttir, Iain Glen og Ólafur Darri eru í leikhópnum sem Óskar Þór Axelsson teflir fram í spennumyndinni Napóleonsskjölin. Myndin byggir á skáldsögu Arnaldar Indriðasonar, sem var leikstjóranum innan handar og kom með góða móralska orku á tökustað, þar sem Ólafur Darri var manna hressastur í ýktu aukahlutverki.

toti@frettabladid.is

„Það var góður filíngur í hópnum enda verkefnið skemmtilegt. Mikil aksjón,“ segir Óskar Þór Axelsson, leikstjóri spennumyndarinnar Napóleonsskjölin sem verður frumsýnd eftir rúma viku. Myndin byggir á þriðju skáldsögu Arnaldar Indriðasonar sem kom út 1999 og segir frá Kristínu, lögfræðingi í utanríkisráðuneytinu, sem stofnar lífi sínu og limum í stórhættu þegar hún fer að grafast fyrir um mál sem kemur upp í kjölfar þess að gamalt flugvélarbrak kemur upp úr ísnum í Vatnajökli.

Óskar segir Arnald síður en svo hafa andað ofan í hálsmálið á honum við gerð myndarinnar, en hann hafi átt hann sem hauk í horni til skrafs og ráðagerða þegar svo bar undir. „Hann svona þínu læddist inn og út en hafði

gaman af því að koma og vera með okkur,“ segir Óskar, þegar hann rifjar upp heimsókn Arnaldar á tökustað. „Hann gaf okkur góða móralska orku með nærveru sinni,“ segir leikstjórinn einnig um annálað högværan rithöfundinn. Óskar segir myndina ekkert taka sig neitt súper hátíðlega, sem hafi gefið honum og leikurunum svigrúm til þess að bregða á leik. „Eins og sést bara á þessum búningum sem Darri og Vivian eru í.“ Óskar segir Ólaf Darra hafa verið manna hressastan í tökunum enda í skemmtilegu aukahlutverki og laus undan þeirri kunnuglegu ábyrgð að þurfa að vera með allt á herðum sér. „Hann kemur mjög sterkur inn í myndina og er alveg í essinu sínu. Þetta er skemmtilegur karakter, þínu ýktur og þá er hann bara hléjandi allan daginn. Hann sérstaklega hafði gaman að þessu,“ segir Óskar, sem hefur þekkt leikarann lengi og leikstýrði honum til dæmis í nokkrum Ófærðarþáttum. ■



„Ég man eftir því úr Ófærð hversu svakalegur „stunt driver“ Darri er og hann er ekkert slakari á vélsléða,“ segir Óskar um Ólaf Darra í hlutverki Einars, sem birtist til dæmis sem bangsalegur stuðbolti á vélsléða. MYNDIR/JULIETTE ROWLAND



Vivian, Darri og Jack Fox, sem leikur Steve Rush, á leið í tökurl í stúdíói í Köln í Þýskalandi.



Óskar fer yfir málin með Darra og skoska leikaranum Iain Glen, sem er sjálf-sagt þekktastur hér á landi sem Game of Thrones-kempan Jorah Mormont. „Glen er mikill sögumaður og lúmskur grínisti,“ segir leikstjórinn.



„Þetta er mómentið þegar Birna Rún Eiríksdóttir ákvað að það hefðu verið mistök að fara í björgunarsveitina,“ segir Óskar um leikkonuna sem er þarna heldur betur komin á kaldan klaka.




„Fókus-leg-endið og fag-maðurinn Goði Már Guðbjörnsson þekkir mikilvægi þess að bregða á leik þegar færi gefst.“

Aðalleikkonan Vivian og Arnaldur í góðum filíng á tökustað þegar rithöfundurinn leit við og gaf af sér góða móralska orku.

SJÓSÖKKUR fyrir útrásir sveitarfélaga & fyrirtækja

Talið við okkur við getum aðstoðað



Forsteyptar járnbentar einingar úr C45 (Mpa) gæðasteypu í tveimur hlutum fyrir PEH skólplagnir í sjó.

Sökkurnar eru með EPDM gúmmílistum milli rörs og eininga.

EPDM gúmmípúði er á milli eininga og ryðfrírra eða heitgalvanhúðaða stálbolta sem herða einingarnar um PEH rörið.

Í einingarnar eru innsteyptar hífimúffur til að auðvelda meðhöndlun þeirra



Við útvegum EPDM gúmmíborða og púða og snittteina, ryðfría eða heitgalvanhúðaða ásamt skinum og róm.



Sjósökkurnar eru framleiddar eftir pöntunum.

Allar stærðir eru fáanlegar eftir þörfum hvers og eins.

Við framleiðum lausnir

ÍSLANDSHÚS



Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is



**FRÉTTA
VAKTIN**

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Íris María og Antonía eru að ljúka árangursríkum listaleiðangri til Grænlands þar sem þær styrktu tengslin við þar-lendar listakonur með því að rýna í og fara höndum um leir undan jöklum landanna. MYND/ADSEND

Móta og túlka tilfinningar úr hráefni undan jöklum

Antonía Bergþórsdóttir og Íris María Leifsdóttir hafa, ásamt grænenskum listakonum, kannað marmaraáhrif jöklaleirs frá Íslandi og Grænlandi og séð sameiningarmátt jöklanna kristallast í marglaga afurðum sem voru til sýnis í Nuuk á menningarnótt Grænlandinga um helgina.

odduraevar@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Þær kalla sig Augnablikin, leirlistakonan Antonía Bergþórsdóttir og málarinn Íris María Leifsdóttir, þegar þær vinna saman að list sinni og sem slíkar hafa þær í nokkur ár sótt sér innblástur og hráefni í jökla á Íslandi og Grænlandi.

„Það er bara svo yndislegt að vera hérna og manni líður eins og maður sé heima,“ segir Antonía, en þær Íris María héldu til Grænlands fyrr í þessum mánuði með íslenskan jöklaleir í farteskinu.

Síðustu misseri hafa þær, ásamt grænenskum listakonum, mest verið að kanna marmaraáhrif jöklaleirs landanna og mismunandi hughrif sem hann vekur og tilgangur þessarar ferðar var ekki síst að stjórna vinnusmiðju þar sem sjö grænenskar listakonur fóru höndum um leir undan jöklum beggja landa.

„Þannig að þetta er algert æði,“ heldur Antonía áfram og bætir við að hún fái ekki betur séð en tilfinningaleg tengsl Grænlandinga og Íslendinga til náttúrunnar séu mjög lík. Auk þess að svo skemmtilega vilji til að kaldhæðnislegum húmor Grænlandinga svipi mjög til þess íslenska.

Tengingar undir jökli

„Þau eru greinilega með meiri tilfinningaleg tengsl við náttúruna en við,“ skýtur Íris María inn í, með þeim fyrirvara að náttúrunáðin fari vitaskuld mikið eftir búsetu.

Vinkonurnar héldu sýningu á afkrastri vinnusmiðjunni í Nuuk á menningarnótt Grænlandinga á laugardaginn. Yfirskrift sýningarinnar, Marmaraáhrif jökulleirs frá Íslandi og Grænlandi, er vissulega lýsandi en þó full ástæða til þess að biðja vinkonurnar um að kafa aðeins dýpra.

„Við erum í raun bara að skoða



Tjáning og sýn listakvennanna á leyndardóma íslensks og grænensks jökulleirs þegar búið er að brenna hann í keramik. MYND/ADSEND



Sérðu glitra tár? Með jökulleirinn og kristalla undir smásjánni má greina ýmsa leyndardóma. MYND/ADSEND

”

Þetta var svo fjölbreytt og gaman að sjá hvað hver og ein skapar með samblöndun íslenskra og grænenskra jarðefna.

Antonía

jökulleirinn og önnur jarðefni sem finnast uppi á jökli og á þessu námskeiði vorum við Íris María í rauninni líka að skoða tengingu okkar við jökulinn,“ segir Antonía.

„Við skoðum hvernig jökullinn birtist okkur,“ heldur Íris María áfram og segir þær hafa hvatt konurnar á námskeiðinu til þess að sýna í verkum sínum hvernig þær upplifi jökulinn.

„Þetta var svo fjölbreytt og gaman að sjá hvað hver og ein skapar með samblöndun íslenskra og grænenskra jarðefna.“

Jarðefnin bergmála

Antonía segir að í vinnusmiðjunni hafi þær í raun verið að kanna samtal efnanna á ýmsan hátt og bergmál þess samtals hafi óneitanlega dýpkað við að listrænn bakgrunnur þeirra er ólíkur og nálgunin því þverfag-

leg. „Og við hvöttum nemendur til að forvitnast um nærumhverfið og samband Íslands og Grænlands.“

Við teljum að náttúruöflin geti opnað fyrir samræður og sameiginlega þætti Grænlands og Íslands og að þannig getum við með verkefninu okkar styrkt tengsl við grænenskar listakonur.“

Antonía segist hafa sterkt á tilfinningunni að einhverjar óræðar gættir milli landanna séu að opnast og gagnkvæmur áhugi á samstarfi sé að aukast. „Þetta er ótrúlega spennandi samvinnuverkefni enda eigum við ýmislegt sameiginlegt þótt margt sé ólíkt. Efnafræðilega, til dæmis, finnurðu elsta berg jarðar hér á Grænlandi á meðan það íslenska er með því yngsta. En svo eigum við eitthvað sameiginlegt eins og jökulleirinn.“ ■





Hressandi heilsubót!

TRACE MINERALS FREYÐITÖFLURNAR ERU
SYKURLAUSAR, ÖFLUGAR OG EINSTAKLEGA GÓÐAR



Trace Minerals Immunity – fyrir ónæmiskerfið

Freyðitöflur sem eru algjör bomba fyrir ónæmiskerfið og góð hjálp gegn flensu, kvefi og veikindum. Þær innihalda hátt hlutfall C vítamíns og steinefnasölt sem halda líkamanum í góðu vökvajafnvægi og toppstandi. Meiri orka og sterkara ónæmiskerfi er eitthvað sem allir vilja!

Max Hydrate endurance – fyrir betra jafnvægi og úthald

Freyðitöflur fyrir alla sem drekka ekki nægan vökva eða vantar steinefni. Margir hópar þurfa að huga að því, íþróttafólk, eldri borgarar, þeir sem svitna mikið (til dæmis konur á breytingaskeiði), þeir sem eru í hita eða þurru lofti. Allir sem fá kvef, flensu, hita eða niðurgang þurfa að fá steinefnasölt.

Max Hydrate energy – fyrir orku, kraft og úthald

Með koffinni úr grænu te

Freyðitöflur sem innihalda steinefnasölt og vinna að betra vökvajafnvægi líkamans. Það er algengt vandamál að það jafnvægi raskist, en einkennin geta til dæmis verið svimi, þreyta, einbeitingarskortur, vöðvakrampar og depurð. Dagurinn byrjar með Max Hydrate Energy!

Magnesium – fyrir slökun og ró

Tvær bragðtegundir

Allir þurfa magnesíum og talið er að um 75% fólks fái ekki nóg úr fæðunni. Þá er gott og gómsætt ráð að taka það inn í formi freyðitafla. Nauðsyn fyrir góða slökun, svefn, andlegt jafnvægi og vinnur gegn sinadráttum og fótaóeirð.



FÆST Í FLESTUM APÓTEKUM, FRÆINU FJARÐARKAUP, HAGKAUP, HEILSUHÚSINU KRINGLUNNI OG NETTÓ

Nánari upplýsingar um vörurnar má sjá á www.numereitt.is/trace-minerals

BAKÞANKAR

Önnu Sigrúnar
Baldursdóttur

Norðmenn

Nú er það ekki ætlan mín að starta milliríkjadeilum en þurfum við ekki aðeins að ræða Norðmenn? Þessa almennt guðhræddu, göngu-skíðandi, brúnostsnestisborðandi öðlinga. Frændur vora.

Íslendingar eiga í haturs-ástar-sambandi við Dani og maðkaða mjölið verður seint fyrirgefið. En einhverra hluta vegna hefur norskur lukkuriddaraher náð að fljóta undir radarinn í gegnum aldirnar og náð til sín miklum auðlindum á Íslandi og arðinum af þeim, auðvitað almennt sem auðsugestir Íslendinga sem molana þeirra hirða.

Þetta byrjaði með Geirmundi Heljarskinni sem mætti á Vestfirði og hreinsaði upp rostungastofninn og hirti ágóðann. Sparaði sér skattinn eins og aðrir landnámsmenn. Næst spurðist til Norðmanna um miðja 19. öld þar sem þeir hófu stórfelldar síldveiðar við Ísland, svo hvarf síldin og Norðmenn fóru heim með gróðann. Og hvalveiðarnar, maður minn! Eitthvert píp heyrðist um að hagar landsmanna væri fyrir borð borinn því skattar og tollar væru of lágir, en frændur vorir ypptu öxlum, kláruðu hvalinn og hirtu monnípeninginn.

Og enn eru þeir mættir, norsklu lukkuriddararnir. Nú er það eldislax og sjókvíar sem helst á að koma fyrir í hverjum firði og innlendir talsmenn predika um afleidd störf, enda ekki mörg sjálfbær eða eiginleg störf í þessum iðnaði, frekar en öðrum umsvifum Norðmanna hér á landi í gegnum tíðina. Ísland er bara Kvikk lunsj.

Hvers vegna við unnum Norðmönnum þess að hreinsa upp auðlindir okkar og gerum þeim skattaforðun mögulega er mér hulin ráðgáta. Og þó. Þetta eru jú frændur okkar og það er svo svakalega margt líkt með skyldum. Við erum sjálf Norðmenn. Spégill. ■

UMHVERFISMERKI

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

★★★★

Þ.T. Mbl

„heimsviðburður“

S.I. Fbl.

„leikhópurinn virkilega sterkur“

EHG. RÚV

„æsandí kvöldstund“

Þ.T. Mbl.

TYRFINGUR TYRFINGSSON

Þjóð
leik
húsið

Ekki missa af mögnuðum sýningum!

leikhusid.is